



Gott til síðasta dropa

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 18. janúar 2006 – 3. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

Íslendingar í Cannes
Stærsti tón-
listarmarkaður
Evrópu



10

Kallað eftir tilboðum
15 til 22 milljarða
verðmiði á
Olíufélaginu



12-13

Greiðsluhegðun
Íslendinga
Vanskil draga
úr hagvexti



22

Hagnast á sölu búða

Iceland hefur selt 28 verslanir til Marks & Spencer fyrir 38 milljónir punda sem samsvarar 4,1 milljarði króna. Gengið verður frá kaupnum í mars en þegar lokið verður við að endurhanna verslanirnar opna þær á ný undir merkjum Simply Food sem selur tilbúna rétti.

Sala Iceland jókst um sextán prósent í desember og bendir forstjórinn Malcolm Walker á að engin matvörukeðja vaxi hraðar á Bretlandseyjum.

Pálmi Haraldsson, stjórnarformaður Iceland, er ánægður með viðskiptin og segir að mikill viðsnúningur hafi orðið í rekstri félagsins síðan það var tekið af markaði.

Athygli vekur að bókfært virði fasteigna Iceland var um 23 milljarðar króna þegar Baugur Group og Fons eignarhaldsfélag eignuðust Iceland, sem var hluti af Big Food Group, um áramótin 2004-2005. Iceland á um 675 verslanir sem þýðir að markaðsvirði þeirra miðað við kaup Marks & Spencer er um eitt hundruð milljarðar króna.

Heildarumfang fjármögnunar kaupanna á Big Food Group var um 112 milljarðar á sínum tíma.

- eþa

Greiðslukortin glóa

Kreditkortavelta Íslendinga nam alls tæpum 206 milljörðum króna á síðasta ári og jókst um ellefu prósent að raunvirði milli ára. Kemur þetta fram á vefsíðu Seðlabankans.

Innanlandsvelta jókst um rúm níu prósent, nam tæpum 174 milljörðum. Kreditkortanotkun erlendis var 32 milljarðar króna og jókst um tæp fjórutíu prósent milli ára.

Telur greiningardeild Íslandsbanka að þessa miklu aukningu megi rekja til hagstæðs gengis og kaupmáttaraukningar sem hafi ýtt verulega undir neyslu Íslendinga erlendis.

- jsk

FRÉTTIR VIKUNNAR

Eignir þrefaldast | Bæði skuldir og eignir Símans hafa aukist gríðarlega frá eigendaskiptunum á síðasta ári og hefur eigið fé nær tvöfaldast í höndum nýrra eigenda.

Dýr raforka | Raforkuverð hefur hækkað um tugi prósent hjá mörgum iðnfyrirtækjum eftir að ný raforkulög tóku gildi.

Undrast afskipti | Stjórn SPH telur að virkur eignarhlutur hafi verið í sjóðnum frá upphafi og undrast því afskipti Fjármálaeftirlitsins eftir stjórnarskipti í sjóðnum.

OR selur | Orkuveita Reykjavíkur hefur ákveðið að selja þrettán prósent hlut sinn í Jarðborunum til Atorku Group.



FlyMe tvöfaldast | Hlutabréf í sænska laggjaldaflugfélaginu FlyMe hafa hækkað um 85 prósent frá áramótum. Farþegafjöldi jókst um 14 prósent í desember.

Kjartan gagnrýndur | Kjartan Gunnarsson, stjórnarformaður í Landsbankanum, er sakaður um að veita nefndarmanni í kjörnefnd Carnegie ekki upplýsingar.

Boeing í straff | Boeing er á meðal sjö erlendra fyrirtækja sem norski olíusjóðurinn hefur sett á bannlista vegna aðildar þeirra að kjarnorkuframléiðslu.

KB selur | KB banki hefur selt sex prósent hlut í Mosaic Fashions fyrir 3,8 milljarða króna og fóru viðskiptin fram á genginu 18 krónur á hlut.

Straumsfólk kaupir | Tíu lykilstarfsmenn Straums-Burðaráss hafa fest kaup í hlutabréfum í félaginu fyrir 1,4 milljarða króna.

Yfir 220 milljarða verðmætaaukning í Kauphöll

Verðmætaaukning í Kauphöllinni nemur virði eins banka frá áramótum. Íslandsbanki hækkar um 64 milljarða króna.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Markaðsverðmæti þeirra fimmtán félaga, sem eiga sæti í Úrvalsvisitölu Kauphallar Íslands, hefur aukist um 220 milljarða frá áramótum. Úrvalsvisitölin hefur hækkað gríðarlega það sem af er í janúar eða um 11,6 prósent og stóð við lokun markaða á mánuðaginn í 6.177 stigum.

Til að bera þessa aukningu saman við aðrar stærðir þá má nefna að markaðsvirði Actavis og Straums-Burðaráss, hvors félags um sig, er rétt um 190 milljarðar króna. Markaðsvirði hlutfjár í Íslandsbanka nam 220 milljörðum um síðustu áramót þannig að segja má að einn banki hafi bæst við í Kauphöllinni.

Hækkun bankanna ræður miklu um þá þróun sem hefur orðið. Þannig hefur markaðsvirði sex félaga hækkað um meira en tuttugu milljarða. Íslandsbanki hefur hækkað um 64 milljarða, þar af um nítján milljarða vegna hlutfjárakningar sem fór fram í síðustu viku. KB banki hefur hækkað um fimmtíu milljarða króna og Landsbankinn um rúma þrjátíu milljarða. Verðmæti hlutfjár í Actavis, FL Group og Straumi-Burðarás hefur hækkað um rúma tuttugu milljarða króna.

Verðmætasta félagið í Kauphöllinni er eftir sem áður KB banki sem metinn er á 548 milljarða króna. Landsbankinn skaut yfir 300 milljarða markið á mánuðaginn og níu milljörðum betur. Íslandsbanka vantar aðeins níu milljarða upp á að verða 300 milljarða virði.

Gengi Íslandsbanka hefur hækkað mest á nýja árinu eða um nítján prósent og FL Group um rúm

AUKNING MARKAÐSVERÐS ÚRVALS VÍSITÖLUFÉLAGA FRÁ ÁRAMÓTUM *

Aukning	í milljörðum króna	Ávöxtun
KB banki	52,5	10,60%
Íslandsbanki	63,9	19,00%
Landsbanki	30,9	11,00%
Straumur	22,8	13,80%
Actavis	21,1	12,70%
FL Group	20,5	18,30%
Bakkavör	7,6	9,20%
Marel	1,6	10%
Atorka Group	1,1	6,30%
SÍF	1	4,20%
Kögun	0,8	6,70%
Mosaic Fashions	0	0%
Össur	0	0%
Flaga Group	-0,3	-7,80%
Dagsbrún	-0,8	-3,00%
Alls	222,7	

* Miðað við lokagengi 16. janúar

átján prósent. Straumur, Actavis, Landsbankinn, KB banki og Marel hafa hækkað minna en samt yfir tíu prósent sem þætti sums staðar bærileg ársvöxtun.

Dagsbrún og Flaga Group eru einu fyrirtækin sem hafa lækkað í verði frá áramótum en markaðsverðmæti fyrrnefnda félagsins var 780 milljónum króna lægra á mánuðaginn en í upphafi árs. Mosaic Fashions og Össur hafa staðið í stað.

Fíton skoðar kaup í Höfn

Smærri íslensk þjónustufyrirtæki horfa til þess að fylgja útrás viðskiptavina.

Auglýsingastofan Fíton hugleiðir kaup á auglýsingastofu í Kaupmannahöfn. Þormóður Jónsson, framkvæmdastjóri Fítons, segir ekkert launungarmál að fyrirtækið hafi verið að skoða danska auglýsingamarkaðinn með það í huga að kaupa fyrirtæki. „Það hafa engar ákvarðanir verið teknar um kaup, en við erum að horfa í

kringum okkur af fullri alvöru,“ segir Þormóður.

Smærri íslensk þjónustufyrirtæki hafa í vaxandi mæli horft til útlanda til þess að fylgja eftir útrás stórra viðskiptavina sinna. Önnur auglýsingastofa, Hvíta húsið, á hlut í fyrirtæki í London.

Þormóður segir Fíton horfa í sömu átt. Hann segir danskar

auglýsingastofur geta lært ýmislegt af þeim íslensku. „Við getum líka lært heilmargt af þeim.“ Hann segir að íslenskar auglýsingastofur séu sterkari hönnun og að mörgu leyti sterkari þar en auglýsingastofur í Danmörku. „Þær dönsku gefa sér lengri tíma í verkefni og eru sterkari en við í auglýsinga-herferðum,“ segir Þormóður. - hh

10,5%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vaxin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir sína sögnum heildur en verðbréfasjóði. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útbýsingar og útdráttar úr útbýsingu sem nálgast má í algreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. des. 2005 - 3. jan. 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	0%	13%
Atorka Group	-1%	6%
Bakkavör Group	3%	9%
Dagsbrún	-4%	-3%
Flaga Group	-8%	-8%
FL Group	8%	18%
Íslandsbanki	8%	19%
KB banki	4%	11%
Kögun	2%	7%
Landsbankinn	5%	11%
Marel	0%	10%
Mosaic Fashions	-4%	0%
SÍF	6%	4%
Straumur	3%	14%
Össur	-3%	0%

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Beðið eftir Avion Group

Avion Group fer á markað á föstudaginn kemur. Margir bíða spennir eftir skráningunni og framvindu mála, enda er þetta stærsta nýja félagið sem komið hefur inn í Kauphöll Íslands frá upphafi. Markaðsvirði Avion Group var um 69 milljarðar í hlutafjárútbóði sem beint var til fagfjárfesta í desember.

Miðað við þann áhuga sem félaginu var sýndur í hlutafjárútbóðinu, þar sem eftirspurn var fimmtánföld, verður fróðlegt að fylgjast með gengisþróun á föstudaginn. Úrvalsvísitalan hefur hækkað um tæp þrettán prósent frá útbóði. Heyrst hefur af utan-



MAGNÚS ÞORSTEINSSON Fjárfestar bíða spennir eftir skráningu félagsins sem fer fram á föstudaginn.

þingsviðskiptum á genginu 40 sem er 4,4 prósentum hærra en útböðsgengið. - eþa

MP eykur eigið fé

Allir hluthafar í MP Fjárfestingarbanka, sem eru 47 talsins, hafa aukið hlut sinn í hlutafjárútbóði sem skilaði fyrirtækinu 700 milljónum króna. Við það fer eigið fé bankans í 3,2 milljarða króna.

Tilgangur hlutafjárukningarinnar er að styrkja vöxt og uppbyggingu bankans innan- og utanlands. Nýverið gekk bankinn frá kaupum á Bank Lviv í Úkraínu og hefur nú eignast tæp tíu prósent stofnfjár í Sparisjóði vélstjóra.



SIGURÐUR VALTÝSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI MP FJÁRFESTINGARBANKA Eigið fé komið í 3,2 milljarða eftir hlutafjárútbóði.



PÉTUR ÓLI PÉTURSSON HJÁ PC GRÖFUM Pétur Óli á og rekur fyrirtækið PC gröfum sem sérhæfir sig í svokallaðri vetrarþjónustu, en í henni felst bæði snjómokstur og hálkuvörnir. Fréttablaðið/Vilhlem

Var ekki farinn að örvænta um snjó

Nú er vertíð hjá PC gröfum ehf. sem sérhæfa sig í snjómokstri og hálkuvörnum

„Maður vissi að þetta kæmi fyrir eða síðar,“ segir Pétur Óli Pétursson, eigandi PC grafa ehf., um ófærðina sem brast á um helgina. „Þetta réttir fjárhaginn af.“ Fyrirtæki Péturs hefur sérhæft sig í vetrarþjónustu á borð við snjómokstur. „En við höfðum líka haft nóg að gera í hálkuvörnum fyrir áramót. Tíðin hefur verið að breytast þannig að hálkun vegur þyngra,“ bætir hann við og kveðst því ekki hafa verið farinn að örvænta um að ekki myndi snjóa.

Pétur segir fyrirtækið einnig vera í öðrum verkum. „En þegar svona kemur þá kastar maður öllu frá sér og er bara í þessu.“

Pétur vill þó ekki meina að uppgrípin sé mikil og nokkuð marga snjóþunga daga þurfi til að standa undir meðalsumarfrí á sólarströnd. „Það er af því að tæki í kringum þetta eru geysilega dýr. Svo er þetta líka oft á tíðum vinna þegar lítið annað er að hafa.“

Pétur segist vera með allnokkurn rekstur tengdan vetrarþjónustunni: „Ég er bæði með vörubíla og traktorsgröfur, þrjá bíla og tvær gröfur.“ Þá kveðst Pétur Óli hafa verið í þessum bransa í allnokkurn tíma, starf að sjálfstætt frá árinu 1988, en verið við þetta í rúm 20 ár, frá árinu 1984. - óká

Verðbólga eykst lítillega

Vísitala neysluverðs hækkar um 0,2 prósent í febrúar samkvæmt spá greiningardeildar Landsbankans. Gangi spáin eftir mun tólf mánaða verðbólga lækka um 0,1 prósentustig í 4,3 prósent.

Greiningardeildin gerir ráð fyrir hóflegri hækkun matarlíðar vísitölunnar í febrúar. Þá verði að meðaltali rúmlega fjórtán prósent lækking á fötum og skóm sem skýrist af áhrifum vetrarútsala.



Greiningardeildin segir erfitt að spá fyrir um verð á húsnæðismarkaði en telur að hófleg hækkun á bensín- og olíuverði komi fram í febrúar. -jsk

Almenningur hrífst af stemningunni

Miklar hækkanir á hlutabréfum draga smærri fjárfesta inn á markaðinn. Hafa lítil áhrif á verðmyndun.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Almenningur og aðrir smærri aðilar hafa flykkst inn á hlutabréfamarkaðinn að undanfögnu samfara mikilli hækkun hlutabréfaverðs.

Þegar hlutabréfamarkaðurinn tók dýfu í október og nóvember árið 2004 seldu litlir fjárfestar hlutabréf sín unnvörpum en í samtölum Markaðarins við nokkra verðbréfamíðlara kemur fram að einstaklingum hefur fjölgað á ný á hlutabréfamarkaði. Það sést meðal annars á stærð og fjölda viðskipta í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands þar sem mikið er um smá viðskipti.

„Einstaklingar eru hins vegar ekki að hífa upp markaðinn. Kaupgeta þeirra er ekki það mikil,“ segir framkvæmdastjóri verðbréfamíðlunar eins fjármálafyrirtækis.

Dóra Björg Axelsdóttir, forstöðumaður eignastýringar hjá SPRON, finnur fyrir mikilli eftirspurn einstaklinga eftir hlutabréfum en tekur þó fram að þannig sé það jafnan í janúar. Staðan nú sé bæði tengd auglýsingaherferðum fjármálafyrirtæka, þar sem hvatt er til sparnaðar, sem og mikilli stemningu á hlutabréfamarkaði. Hlutabréfakaupin virðast ekki vera fjármögnuð með lánun: „Margir eiga orðið það mikið af peningum að þeir vilja dreifa áhættunni á ólík sparnaðarform eins og hlutabréf og innlán.“

„Við finnum verulega fyrir auknum áhuga einstaklinga á einstökum hlutafélögum og hlutabréfasjóðum,“ segir Tómas Möller, forstöðumaður verðbréfa- og lífeyrissjóðustu Landsbankans.



ALMENNINGUR KAUPIR HLUTABRÉF Bankamenn verða mjög varir við innkomu almennings á hlutabréfamarkað. Einstaklingar hrífast af miklum hækkunum og sparnaðarauglýsingum bankanna. Fréttablaðið/Teitur

Hann segir að einstaklingar hafi verið að færa fjárfestingar sínar úr skuldabréfum og innlánunum í hlutabréf og verður var við það einstaklingar taki oft stærri stöður í einstökum fjárfestingum en oft áður. Starfsmenn bankans hvetji fjárfesta til að stíga hægt til jarðar og huga vel að áhættudreifingu og markmiðum fjárfestingarinnar.

Sú hækkun sem hefur orðið á þessu ári tengist væntingum fjárfesta um að ársuppgjör banka, fjárfestingarfélaga og annarra félaga á því síðasta verði góð sem og breytingum á eignarhaldi í bönkunum. Frá áramótum hefur Úrvalsvísitalan hækkað um tæp þrettán prósent en bankar og fjárfestingarfélög hafa leitt hækkanirnar.

Lífeyrissjóðirnir gildna

Heildareignir tuttugu og tveggja stærstu lífeyrissjóða landsins nema 1.169 milljörðum króna.

Eignir tuttugu og tveggja stærstu lífeyrissjóða landsins jukust um 42,5 milljarða króna í nóvember síðastliðnum. Er það 3,8 prósent aukning og nema heildareignir lífeyrissjóðanna nú 1.169 milljörðum króna. Kemur þetta fram í riti Seðlabankans, Efnahagsyfirlit lífeyrissjóða.

Eignir lífeyrissjóðanna jukust um 183 milljarða króna, eða tæp níttján prósent, frá ársbyrjun 2005 og til loka nóvembers á sama ári. Er það tæplega 16,6

milljarða aukning að meðaltali á mánuði.

Eignaaukninguna má rekja til mikillar hækkunar á innlendum hlutabréfum, en einnig hafa erlendir markaðir skilað drjúgum tekjum. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna námu í nóvemberlok rúmlega 285 milljörðum króna. -jsk

ÁRNI GUÐMUNDSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI LÍFHEYRISJÓÐSINS GILDIS Eignir lífeyrissjóðanna jukust um 183 milljarða króna frá ársbyrjun 2005 til nóvemberloka.



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis
HUGBÚNAÐUR

Sígtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

Tryggðu þér bestu vextina!



Samkvæmt úttekt Morgunblaðsins á innlánsvöxtum bankanna er ljóst að Netbankinn er enn og aftur með bestu vextina á verðtryggðum og óverðtryggðum innlánsreikningum, sjötta árið í röð. Komdu í viðskipti við Netbankann – við veitum þér góða, almenna bankaþjónustu og miklu betri vexti.

Lífeyrisreikningur	9,90%
Markaðsreikningur	8,47%
Verðtryggður reikningur	8,04%
Framtíðarreikningur fyrir börn	9,56%

www.nb.is

 **Netbankinn**
– með betri vexti

- Sæktu um á nb.is
- Hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800

Bjartari tíð í Evrópu

1,9 prósentu hagvöxtur verður að meðaltali í löndum evrunnar árið 2006, samkvæmt hagvaxtarþá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Telja sérfræðingar ESB að einkaneysla aukist á árinu auk þess sem þýska hagkerfið haldi áfram að rétta úr kútnum.

Líklegt þykir að hagvaxtarþáin verði til þess að Seðlabanki Evrópu hækki stýrivexti og



JEAN CLAUDE TRICHET, SEÐLABANKASTJÓRI EVRÓPU Spáð er 1,9 prósentu hagvexti í löndum evrunnar á árinu.

freisti þess þannig að halda verðbólgu í skefjum. Stýrivextir bankans eru nú 2,25 prósent.

David Brown, hagfræðingur hjá Bear Stearns fjárfestingarbanka, spáir því að stýrivextir hækki um allt að eitt prósent á árinu. „Það er greinið að bjartara er framundan en verið hefur. Ég tel óhjákvæmlegt að Seðlabankinn reyni að halda aftur af verðbólgu með því að hækka stýrivexti.“ - jsk

Heildarafla minnkar milli ára

Uppsývarafli skýrir minnkunina í desember.

Heildarafla ársins 2005 var rúmlega 1.667.975 tonn samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskistofu. Það er rúmum sextíu þúsund tonnum minni afli en árið áður. Kolmunnaafllinn dróst saman um tæp hundrað og sextíu þúsund tonn milli ára og skýrir það samdráttinn að mestu. Loðnafla jókst hins vegar um áttatíu þúsund tonn og síldarafla um fjörutíu

þúsund tonn.

Afli íslenskra skipa í desember 2005 nam tæpum sjötíu og tvö þúsund tonnum og er það talsvert minna en á sama tíma í fyrra. Skýrist samdrátturinn af minni afla uppsývartegunda.

- jsk

Á SJÓ Heildarafla íslenskra skipa var heldur minni árið 2005 en árið á undan. Mestu munaði um samdrátt í kolmunnafla.



Matið hækkar mest í Vogum

Heildarbrunabótamat rúmum þrjú þúsund milljarðar í lok síðasta árs.

Brunabótamat á landinu öllu hækkaði um 5,5 prósent á milli ára. Í árslok 2005 var heildarbrunabótamat um 3.063 milljarðar króna en var 2.903 milljarðar ári áður samkvæmt tölum frá Fasteignamat ríkisins.

Þegar einstök sveitarfélög eru skoðuð þá kemur í ljós að heildarbrunabót hækkaði mest í Vogum á Vatnsleysuströnd eða um 15,9 prósent. Þar næst koma Kjósarhreppur, með 11,3 prósentu hækkingu, Skorradalshreppur, með 11,1 prósent og Kópavogur þar sem brunabótamat fasteigna hækkaði um 10,1 prósent.

Heildarbrunabótamat var hæst í Reykjavík eða 1.144 milljarðar króna en næst komu Kópavogur, Hafnarfjörður og Akureyri. Hækkunin er þó langminnst í Reykjavík og á Seltjarnarnesi þegar sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru borin saman.

- eþa

HEILDARBRUNABÓTAMAT STÆRSTU SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélag	2005	Hækkun frá fyrra ári
Reykjavík	1.145	4,9%
Kópavogur	222	10,1%
Hafnarfjörður	180	8,1%
Akureyri	154	4,6%
Reykjanesbær	97	6,4%
Garðabær	87	9,2%
Sveitarfélagið Árborg	68	7,0%
Mosfellsbær	59	8,5%
Akranes	51	4,0%
Skagafjörður	51	3,4%

Heimild: Fasteignamat ríkisins

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

9,1%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli miðað við tímabilið 30.06 - 30.12 2005

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
- kraftur til þín!

BÍLAGEYMSLUSÍLÓ VOLKSWAGEN Í ÞÝSKALANDI Volkswagen er vinsælasti bíll Evrópu samkvæmt tölum Samtaka evrópskra bílaframleiðenda, en markaðshlutdeild Volkswagen Group á evrópska efnahagssvæðinu nemur 18,9 prósentum.

MYND/AFR

Uppgangur héraðs en samdráttur í Evrópu

Skráning nýrra bíla dróst saman um 3,9 prósent milli desembermánaða á EES-svæðinu. Hér nemur aukningin rúmu 41 prósentu á sama tíma.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Hér nam aukning í skráningu nýrra bíla milli árana 2004 og 2005 52,2 prósentum samkvæmt tölum Samtaka evrópskra bílaframleiðenda, ACEA. Á sama tíma dróst nýskráning bíla á Evrópska efnahagssvæðinu saman um 0,7 prósent.

Ef eingöngu er horft til desembermánaða nam samdráttur innan Evrópusambandsins og EFTA-landanna 3,9 prósentum, en hér nam aukningin í þeim mánuði 41,3 prósentum milli 2004 og 2005. Nýskráning í desember var næstmest hér, einungis Lettar keyptu hlutfallslega fleiri nýja bíla, en þar nam aukningin 46,2 prósentum.

Í tölum samtakanna kemur fram að rúmlega 15,2 milljónir fólksbíla hafi verið skráðar í Evrópu á nýliðnu ári, þar af um tíu milljónir í Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu og Bretlandi. Hér voru 18.211 bílar skráðir, en 11.968 árið 2004.

Mestur var svo samdrátturinn í skráningu fólksbíla í Póllandi, en þar voru skráðir 26 prósentum færri bílar á síðasta ári, en árið 2004.

Samtökin greindu einnig nýskráningar bíla eftir tegundum. VW Group á flesta nýja bíla í Evrópu á síðasta ári, rúmlega 2,9 milljónir og bætti sig um 3,9 prósent frá fyrra ári. Bílategundir VW Group eru Volkswagen, Audi, Seat, Skoda og fleiri.

Heildarlausnir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

VIÐ VITUM AÐ ÞÚ
HEFUR SÉÐ ALLT...



...EN ÞAÐ KEMUR BARA ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT!

Núna er það Nissan Murano, hannaður frá grunni með það eitt fyrir augum að gleðja öll skilningarvit. Útlitið er einfaldlega engu öðru líkt og hentar sannarlega ekki þeim sem vilja láta fara lítið fyrir sér. Hann er fjórhjóladrifinn, knúinn sportlegri 3,5 litra V6 vél. Hann er kvikur eins og fólksbíll en rúmar alla fjölskylduna og meira til. Þú situr hátt og ferð allra þinna ferða, hratt og örugglega.



SKIPT_um stíl

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkróki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Leiruvogi 6
730 Reyðarfjörður
474-1453

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960

Mesta verðbólga í 15 ár

5,4 prósentu verðbólga var í Bandaríkjunum árið 2005 og hefur hún ekki mælst meiri í fimmtán ár. Mestu munaði um gríðarlegar hækkunir á olíuverði á árinu en einnig hækkunir verð á matvöru talsvert.



Í WAL MART Verðbólga í Bandaríkjunum hefur ekki verið meiri í fimmtán ár.

markaðsverði á olíu árið 2005. Voru verðhækkunirnar til komnar vegna aukinnar eftirspurnar auk þess sem miklar truflanir urðu á olíuframleiðslu vegna fellibylja.

Sérfræðingar telja að vegna verðbólgunnar muni bandaríski Seðlabankinn halda óbreyttri vaxtastefnu. Stýrivextir standa nú í 4,25 prósentum og hefur bankinn hækkað þá hægt og rólega undanfarna mánuði.

Verðbólga í Bandaríkjunum hefur ekki verið meiri í fimmtán ár.

Tæplega tuttugu og fimm prósentu verðhækkun varð á heims-

IBM sætir rannsókn

Bandaríska fjármálaeftirlitið hefur hafið rannsókn á IBM tölvurísanum. Beinist rannsóknin að fyrstu ársfjórðungsskýrslu IBM árið 2005 og kaupréttarsamningum starfsmanna fyrirtækisins.

Talsvert minni arður var greiddur út til hluthafa þennan ársfjórðunginn en spár höfðu gert ráð fyrir. Forsvarsmenn IBM varast vanalega að byggja upp of miklar væntingar meðal hluthafa sinna og er óvenjulegt að miklu muni á spám og arðgreiðslum. Fjármálaeftirlitið rannsakar hvort IBM hafi vanrækt að

tilkynna hluta kaupréttarsamninga starfsmanna sinna.

Hlutabréf í IBM féllu um 1,3 prósent í Kauphöllinni í New York er fréttirnar bárust.

IBM flutti í fyrra stærstan hluta starfsemi sinnar til Kína og hefur á seinni árum í auknum mæli einbeitt sér að ráðgjafarþjónustu. Fyrirtækið er hið langstærsta í tölvubransanum og hefur til að mynda fjórfalda veltu á við Microsoft og margfalt fleiri starfsmenn.

-jsk

IBM Bandaríska fjármálaeftirlitið rannsakar hvort IBM hafi vanrækt að tilkynna um kaupréttarsamninga starfsmanna sinna.



Viðskiptaráðuneyti Kína gefur út leiðsögurit fyrir Kínverja í viðskiptum erlendis.

Of mikil athygli veldur verðhækkun

Kínverska viðskiptaráðuneytið hefur gefið út þau tilmæli til kínverskra fyrirtækja sem hyggja á útrás að láta lítið fyrir sér fara. Kemur þetta fram í skýrslu sem ráðuneytið gaf út á dögnum. Skýrslunni er ætlað að vera einhvers konar leiðsögurit fyrir Kínverja í viðskiptum erlendis.

Margir telja að þessi ráðstöfun sé til komin vegna þeirrar mótmælaöldu sem reis í Bandaríkjunum þegar kínverski olíurísinn CNOOC hugðist kaupa bandaríska orkufyrirtækið Unocal. Svo fór að lokum að CNOOC varð að hverfa frá kaupunum.

„Þegar kínversk fyrirtæki hyggjast láta til sín taka erlendis er mikilvægt að fara að öllu með gát og fá ekki almenningssálitnið í þeim löndum sem í hlut eiga upp á móti sér,“ sagði í skýrslunni.

Samkvæmt skýrslunni getur



BO XILAI Viðskiptaráðherra Kína, skálar við Peter Mandelson, yfirmann viðskiptamála hjá Evrópusambandinu. Kínverska viðskiptaráðuneytið hefur gefið út skýrslu þar sem farið er vandlega yfir æskilega hegðun Kínverja í viðskiptum erlendis.

of mikil athygli leitt til þess að verð fyrirtækja hækki upp úr öllu valdi „Beinist kastljós fjölmiðla að viðskiptunum á fyrri stigum kann svo að fara að verð hækki umfram það sem sanngjarnt getur talist. Jafnvel getur farið svo að stjórnmöld í viðkomandi landi gripi í taumana.“ -jsk

300 milljóna króna misskilningur

Japanskur miðlari seldi bréf í röngu fyrirtæki. Tölvukerfi Kauphallarinnar í Tókýó er úrelt.

Japanskur verðbréfamiðlari í Kauphöllinni í Tókýó kostaði fyrirtæki sitt þrjú hundruð milljónir króna eftir að hann seldi tuttugu og fimm þúsund hluti í röngu fyrirtæki. Miðlarinn virðist hafa ruglast á bréfum í Sumitomo Mitsui banka, sem er sá þriðji stærsti í Japan, og einu dótturfélaga bankans.

Afleiðingarnar urðu þær að bréfin seldust á verði tæpum fjórum prósentum undir markaðsvirði. Sumitomo Mitsui tókst þó að endurheimta bréfin en fyrirtæki miðlarans, Daiwa, ber kostnaðinn.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem afdrifarík mistök eru gerð í Kauphöllinni í Tókýó. Seint á síðasta ári tapaði miðlari rúmum tuttugu milljörðum króna vegna innsláttarvillu. Sá seldi 610 þúsund hluti í fyrirtæki á genginu eitt jen, í stað þess að selja einn



FRÁ TÓKÝÓ Tölvukerfi Kauphallarinnar í Tókýó er úrelt og virðast hver mistökina rekja önnur þar á bæ.

hlut á 610 þúsund jen.

Ekki reyndist mögulegt að leiðrétta innsláttarvilluna fyrr en allt var orðið um seinan. Yfirmaður Kauphallarinnar í Tókýó, Takuo Tsurushima, viðurkenndi í kjölfarið að tölvukerfi Kauphallarinnar væri úrelt og sagði af sér.

Rússneskur gasrís tvöhundruðfaldast

Rússar gátu á sínum tíma keypt hlut í Gazprom fyrir tæpar tvær og hálfu krónu. Fyrirtækið er í dag metið á tólf þúsund milljarða króna.

Jón Skaftason
skrifar

Hlutabréf í rússneska gasrísanum Gazprom hafa verið boðin út í Kauphöllinni í Moskvu. Útlendingar geta nú í fyrsta sinn keypt hlut í Gazprom en áður var einungis Rússum heimilað að eiga í fyrirtækinu. Útboðsgengið var um 8,50 bandaríkjadalir á hlut.

Rússneska ríkið á í dag þrjátíu og átta prósent hlutafjár í Gazprom. Fyrirtækið var áður í eigu sovéska ríkisins en var einkavætt að hluta eftir hrun Sovétríkjanna. Var svokallaðri ávísanaaðferð beitt, en hún fól í sér að ávísanir voru gefnar út til þeirra borgara sem vildu kaupa í fyrirtækinu. Var hver hlutur seldur á um fjögur bandarísk sent, sem samsvarar tveimur og hálfri íslenskri krónu.

Bréf í fyrirtækinu söfnuðust fljótlega á fáar hendur en ljóst er að þeir sem hafa verið með frá upphafi leypja vart dauðann úr skel, enda hafa bréfin meira en tvöhundruðfaldast í verði. „Ég tel ólíklegt að við sjáum slíka ávöxtun aftur í bráð þótt Gazprom muni áfram vaxa og dafna. Það jákvæðasta er þó að Rússland er að verða líkt venjulegu ríki þar sem markaðurinn ræður virði fyrirtækja,“ sagði Pavel Tephlikin hjá Troika Dialog fjárfestingarbanka. Troika Dialog á bréf í Gazprom fyrir rúma hundrað og tuttugu milljarða króna.

Markaðsvirði Gazprom er í dag um tólf þúsund milljarðar króna og er fyrirtækið hið áttunda stærsta í heimi sé miðað við markaðsvirði. Gazprom ræður yfir um sextán prósentum alls gasforða heimsins.

Gazprom skrúfaði nýlega fyrir gasleiðslur til Úkraínu til að knýja fram hærri greiðslu. Virði bréfa í fyrirtækinu jókst um fjórðung í kjölfar aðgerðarinnar en hún þótti endanlega staðfesta þá stefnu Gazprom að hætta að selja gömlum Sovétlýðveldum gas á útsöluverði.



HÖFUÐSTÖÐVAR GAZPROM Í MOSKVU Hlutabréf í Gazprom voru boðin út í Kauphöllinni í Moskvu á dögnum. Markaðsvirði Gazprom er um tólf þúsund milljarðar íslenskra króna og er fyrirtækið hið áttunda stærsta í heimi.

Úkraínunum kvörtuðu sáran og sagði Jústsjenko forseti að Rússar væru að þvinga Úkraínunum til fylgislags við sig. Hluthafar í Gazprom kvarta þó ekki. „Ég er hæstánægður. Fyrirtækjum ber að leita allra leiða til að hámarka hagnað hluthafa,“ sagði einn þeirra.

Bankasamruni í Þýskalandi

Þýski bankarisinn Commerzbank hefur lagt fram yfirtökutilboð í Berliner banka. Commerzbank er þriðji stærsti banki Þýskalands og hefur gengið í gegnum mikla endurskipulagningu að undanfögnu. Höfuðstöðvar bankans eru í Frankfurt og eru kaupin á Berliner banka liður í því að styrkja starfsemi Commerzbank í höfuðborginni Berlín.

Bankastjóri Commerzbank, Hans Peter Muller, vildi ekki gefa upp hversu hátt tilboðið

væri en viðurkenndi þó að tilboð hefði verið lagt fram. Berliner banki er metinn á um tuttugu og átta milljarða króna.

„Tilboðið er á borðinu. Við erum alltaf að leita leiða til að styrkja innviði Commerzbank og bæta þjónustu við viðskiptavinum okkar,“ sagði Muller.

HÖFUÐSTÖÐVAR COMMERZBANK Í FRANKFURT Tilboð Commerzbank í Berliner banka er talið hljóða upp á tæpa þrjátíu milljarða króna.



ATLAS FRELSI

- ✓ More Minutes
- ✓ More Countries
- ✓ Less Price

500 kr.

INTERNATIONAL CALLING CARD

Go to: www.atlassimi.is for minute rates

ATLAS FRELSI

- ✓ More Minutes
- ✓ More Countries
- ✓ Less Price

1000 kr.

INTERNATIONAL CALLING CARD

Go to: www.atlassimi.is for minute rates

ATLAS FRELSI

- ✓ More Minutes
- ✓ More Countries
- ✓ Less Price

2000 kr.

INTERNATIONAL CALLING CARD

Go to: www.atlassimi.is for minute rates

**ÓDÝRARA
að hringja til
útlanda**

PERLAN Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

ALLT Í STEIK

12. janúar – 21. febrúar

3ja rétta matseðill ásamt sértíloboði á vlnum

Verð frá **3.990 kr.**

Hægt er að panta nautalund Bernaise, lambafillet eða grísasteik.

Borðapantanir í síma 562 0200



Þorragangan

Þorragangan – 20. janúar Aðeins þessa einu helgi! Örfá borð eftir!

Eftir gönguferð um Öskjuhlíðina bíður manna þorrablot með öllu tilheyrandi; heitt rommkakó og hefðbundið 200 súru, nýju, reyktu, kæstu og sterku!

Food & Fun

22. febrúar – 25. febrúar

Nú fer fimmta árlega Food & Fun keppnin að hefjast! Pantið borð með góðum fyrirvara á þessa árlegu

matreiðsluhátíð. Nánari upplýsingar um keppnina og gestamatreiðslumenn á: www.foodandfun.is.

Sjávarréttahlaðborð

Sjávarréttahlaðborðið – 9. mars – 12. mars

Aðeins þessa einu helgi!

Sjávarréttahlaðborð Perlunnar er einstakt tækifæri til að upplifa nýjungar í matargerð ólíklegustu skelfisk og fisktegunda. Margverðlaunaðir matreiðs-

lumeistarar Perlunnar útbúa yfir 30 tegundir heitra og kaldra fiskrétta. Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi.

Verð aðeins: 4.790 kr.

Í ár verða sérstök skil gerð á fiski úr stóru vötnunum í Kanada, fiskur sem Vestur-Íslendingar þurftu að læra að veiða og matreiða.



Veitingahúsið Perlan – S: 562 0200 – Fax: 562 0207 – Netfang: perlan@perlan.is – Heimasíða: www.perlan.is





GLAÐIR MEÐ SAMSTARFIÐ Þeir voru glaðbeittir, Alfred B. Þórðarson framkvæmdastjóri Rue de Net, Elvar Steinn Þorkelsson framkvæmdastjóri Microsoft Ísland og Aðalsteinn Valdimarsson stjórnarformaður Rue de Net, þegar þeir skrifuðu undir samning um að Rue de Net verði þjónustuaðili Navision-hugbúnaðar á Íslandi.

Bilið brúað milli Navision og .NET

Microsoft á Íslandi semur við Rue de Net.

Fyrirtækið Rue de Net hefur verið útnefnt þjónustuaðili Navision-hugbúnaðar frá Microsoft. Hér hefur fyrirtæki ekki hlotið slíka útnefningu síðan fyrir aldamót.

Samkvæmt upplýsingum Microsoft á Íslandi vakti athygli snjöll hugbúnaðarlausn Rue de Net sem tekin hefur verið í notkun hjá mörgum fyrirtækjum bæði hér og erlendis. Fyrirtækinu var því boðið að bætast í hóp fyrirtækja sem bjóða hér uppsetningu, rekstur og viðhald Navision-kerfa.

Búnaður Rue de Net kallast NET-Conductor og myndar nokkurs konar brú milli Navision-hugbúnaðar og .NET-umhverfis Microsoft. „Með honum má til að mynda búa til netaðgang að Navision-lausnum og gera Navision-hugbúnaði kleift að eiga

samskipti við forrit sem hönnuð eru fyrir .NET-staðalinn. Þetta hefur verið vandkvæðum bundið hingað til,“ segir í tilkynningu fyrirtækjanna.

Elvar Steinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, fagnaði nýjum meðlim í Navision-hópinn. „Rue de Net hefur þróað áhugaverða lausn sem getur aukið notagildi Navision og sýnt að smá en öflug fyrirtæki eiga fullt erindi inn á þennan markað,“ segir hann.

Alfred B. Þórðarson, framkvæmdastjóri Rue de Net, segir reynslu fyrirtækisins að sumir notendur Navision nýti sér ekki eiginleika búnaðarins til fulls og því skipti útnefning Microsoft miklu máli, enda geti fyrirtækið nú betur þjónustað fyrirtæki sem nýti NET-Conductor. - óká

Microsoft bakkar í baráttunni

Hætt við auglýsingar tengdar leitarorðum í Danmörku

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Herferð Microsoft í Danmörku gegn margvíslegum vörum sem byggja á opnum stöðlum (open source) hefur endað með því að fyrirtækið dregur nú til baka fjölda auglýsinga sem búið var að tengja við leitarorð á vef Google.

Í lok síðustu viku greindi tækniritið Computerworld í Danmörku frá því hvernig Microsoft hefði keypt leitarorðið MySQL og reyndi þannig að lokka inn á vef sinn fólk sem var að forvitnast á netinu um þennan keppinaut Microsoft á sviði gagnagrunna. Sérfræðingar töldu framferði Microsoft brjóta í bága við góða viðskiptahætti og fyrirtækið lét af auglýsingunum.

Síðan kom í ljós að Microsoft í Danmörku hafði keypt fjölda annarra leitarorða hjá Google, svo sem orð sem tengjast vefmiðlaranum Apace, fjölda stýrikerfa Linux og OpenBSD, gagnabankanum PostgreSQL og fleiru til. Computerworld hefur eftir Jens Storm Lernø, markaðsstjóra Microsoft í Danmörku, að kallað hafi verið eftir ítarlegum upplýsingum um markaðsherferðina og leitarorðin sem um ræðir. „Þegar



FJÖR Á RAFTÆKJASÝNINGU Í BYRJUN ÁRS Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft, fylgdist glaður með söngvaranum Justin Timberlake á raftækjasýningunni CES 2006 í Las Vegas í Bandaríkjunum 4. janúar, en sýningunni lauk í síðustu viku. Óvíst er að stjórnarformanninum hugnast framferði undirmanna sinna í Danmörku. Mynd/Getty Images

þær upplýsingar liggja fyrir fjarlæggi ég allt sem ekki getur talist í takt við góða viðskiptahætti,“ segir hann í viðtali við Computerworld og endurtekur fyrri afsökunarbeiðni Microsoft vegna málsins, sem hann segir

ekki í stíl við almenna markaðsfræði Microsoft. „Flestar okkar auglýsingar snúast um varning okkar og virkni hans. Það er ekki okkar stíll að halda úti áróðursherferðum gegn öðrum.“

Yfirburðabíll.

VIÐURKENNT SÖLU-
OG ÞJÓNUSTUUMBOÐ
MERCEDES-BENZ

SÝNINGARSALUR
VERKSTÆÐI · VARAHLUTIR
HRAÐÞJÓNUSTA

Varað við veilu í búnaði Sun Java

Til að verja tölvur þarf að fjarlægja eldri útgáfur.

Opinberar eftirlitsstofnanir með öryggi upplýsingatækni í Bandaríkjunum og í Ástralíu, US-CERT og AUSCERT, vara við vefsíðum sem misnota þekkta öryggisveilu í hugbúnaðarumhverfi Sun Java. Upplýst var um öryggisveiluna í nóvember síðastliðnum. Villist fólk inn á síðurnar er komið fyrir óværu á borð við njósna- og auglýsingaforritum í tölvum þess. Öryggisveilan gerir Java-forriti kleift að fara í kring um öryggisstillingar Java og þar með getur hakkari notað sér gatið til að keyra upp forrit á tölvunni.

Til að varast árásir þarf fólk



HEIMASÍÐA JAVA.COM Á vef Sun Java er hægt að hlaða niður nýjustu útgáfum hugbúnaðarumhverfisins, en Java er mikið notað á hvers konar vefsíðum.

að nota og uppfæra vírusvarnir og eldveggi sem loka á þekktar meinsíður, um leið og uppfært

er í nýjustu útgáfu Sun Java og eldri útgáfur fjarlægðar. Þá mælir US-CERT með því að lokað sé á notkun Java í netvöfrum. Ástralirnir ganga þó ekki alveg jafnlangt en ráðleggja fólki að smella ekki á hlekkir í tölvupóstum eða skyndiskilaboðum sem það átti ekki von á, eða veit ekki hvert vísa.

Þegar ný útgáfa af Java hugbúnaðarumhverfinu er sett upp þarf að fjarlægja eldri útgáfur því þær kunna að vera virkar áfram og gætu hakkarar því enn beint spjótum sínum að þeim. - óká

Bíll sem bremsar sjálfur

Þróaður hefur verið bíll sem greinir hreyfingar gangandi vegfarenda. Bíllinn er samvinnuverkefni þýsku bílarisanna Volkswagen og DaimlerChrysler auk fjölda smærri tæknifyrirtækja.

Bifreiðin er búin skynjurum og örmáum útrauðum myndavélum og greinir minnstu hreyfingu. Verði bíllinn vegfarenda var aðvarar hann ökumanninn eða grípur hreinlega til eiginadgerða, bremsar snögglega og blæs út loftpúða.



„Hugmyndin er sú að um leið og skynjararnir greina gangandi vegfarendur eða hjólríðamenn, og telji verulega hættu á árekstri, bremsi bíllinn sjálfkrafa,“ sagði Marc-Michael Meinecke, starfsmaður Volkswagen.

Meinecke sagði þó búnaðinn enn of fyrirferðamikinn til að setja á almennan markað. Þess væri þó ekki langt að bíða. - jsk

SLY OG FÉLAGAR Sylvester Stallone er mikill bílaáhugaður. Sly býr hins vegar ekki svo vel að eiga bíl sem varar hann við gangandi vegfarendum.

SÖGUHORNID

World Trade Center kynnt

Þann 18. janúar 1964 voru kynntar teikningar af World Trade Center-byggingunni. Byggingin var hönnuð af japanska arkitektinum Minoru Yamasaki og skyldi standa í fjármálahverfi New York á Manhattan eyju.

Byggingu World Trade Center lauk árið 1972. Annar tvíburaturannanna, norðurturninn, var 417 metra hár og taldist hæsta bygging veraldar. Þeim titli hélt byggingin þó ekki lengi því Sears-turninn í Chicago náði nafnbótinni rúmu ári seinna.

World Trade Center var í raun sjö aðskildar byggingar. Þekktastar voru tvíburaturarnir, en í kringum þá voru fimm smærri turnar. Eins og nafnið gefur til kynna átti byggingin að verða eins konar fjármálamiðstöð heimsins og varð það um síðir þótt upphaflega hefði hún hýst hinar og þessar ríkisstofnanir.

Tvíburaturarnir voru hvor um sig hundrað og tíu hæðir. Í World Trade Center-kjarnanum störfuðu fimmtíu þúsund manns og áttu um tvö hundruð þúsund til viðbótar þar leið um á degi hverjum.

Byggingarnar voru samtals rúmlega 4,3 milljónir fermetra að flatarmáli, eða um fjögur prósent alls skrifstofuhúsnæðis á Manhattan. Starfsemin sem fram fór í húsunum var svo gríðarleg umfangs að byggingin hafði sitt eigið pósthúsnúmer; 10048.



WORLD TRADE CENTER Byggingarnar voru samtals rúmlega 4,3 milljónir fermetrar að flatarmáli, eða um fjögur prósent alls skrifstofuhúsnæðis á Manhattan. Þær höfðu sitt eigið pósthúsnúmer, 10048.

World Trade Center gjöröyðilagðist í hryðjuverkaárásunum þann 11. september 2001 þegar tveimur farþegaþotum, fullhlöðnum eldsneyti, var flogið á tvíburaturannanna. Tvíburaturarnir hrundu til grunna, einn smærri turnanna fór sömu leið en þær byggingar sem eftir stóðu skemmdust svo mikið að þær varð að rífa. 2.749 manns týndu lífi í árásunum.

Til stendur að byggja að nýju þar sem World Trade Center stóð áður. Reistur verður kjarni bygginga sem bera mun nafnið Memory Foundations. Þar mun svokallaður Frelssturn rísa bygginga hæst. Verður turninn 541 metra hár. Samsvarar það 1776 fetum en Bandaríkjamenn öðluðust einmitt sjálfstæði árið 1776. - jsk



Mercedes-Benz er yfirburðabíll. Í honum fara saman klassísk hönnun, gæði, þægindi og ending sem gera hann einstakan.

Nýr C-Class er kraftmikill, lipur og sameinar kosti fjölskyldu- og sportbíls. Komdu við í ÖSKJU og kynntu þér nýjan C-Class.



Mercedes-Benz

Stærsti tónlistarmarkaður í Evrópu

Midem tónlistarráðstefnan er haldin árlega í frönsku borginni Cannes. Um er að ræða eina stærstu kaupstefnu tónlistarbransans og er hún nú haldin í fertugasta skipti. Fjölmargir Íslendingar verða meðal þeirra tæpu tíu þúsunda sem sækja ráðstefnuna í ár. *Jón Skaftason* grennslaðist fyrir um Midem og það sem þar fer fram.

„Það þýðir víst lítið að ætla að banka upp á og byrja frá núlli. Þegar fólk heyrir að það á að fara að markaðssetja einhverja vöru fyrir mörg hundruð þúsund pund þá opnar það eyrun og vill þá jafnvel tryggja sér útgáfuleyfið ef ske kynni að sveitin slái í gegn.“

Í ár verður í þriðja sinn sérstakur íslenskur bás á Midem. Básinn er rekinn á vegum Útflutningsráðs undir slagorðinu *Hear Iceland!* Tuttugu og þrjú aðilar frá fjórtán fyrirtækjum og fjórum félagasamtökum hafa skráð sig til leiks; þeirra á meðal 12 Tónar, Dagur Group, Smekkleysa og Concert Einaris Bárðarsonar.

Samhliða Midem verður viðamikil kynning á íslenski tónlist í breska fagtímaritinu *Music Week*. Fjögurra síðna umfjöllun helguð íslenski tónlist verður í blaðinu auk þess sem sérstakur diskur með íslenski tónlist og gjafakort frá tonlist.is munu fylgja. Tímaritið mun liggja frammi á íslenska básnum.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir er ráðgjafi á vegum Útflutningsráðs og ein þeirra sem kemur að skipulagningu *Hear Iceland*. „Þetta er langfjölmennasti hópur Íslendinga sem hefur farið á Midem. Það held ég að sé fyrst og fremst vegna ánægju með þann árangur sem náðst hefur á fyrri ráðstefnum.

Menn eru ákveðnir í að fara og nýta tækifærin sem þeir hafa áttað sig á að eru til staðar,“ segir Hildur.

Midem er alls engin hæfileikakeppni, þar sem ungir listamenn stíga sín fyrstu skref,

heldur fyrst og fremst kaupráðstefna þar sem verslað er með fullunna vöru. „Það er frekar verið að stíga næsta skref. Við getum tekið Einar Bárðarson sem er með *Nylon* og *Garðar Cortes* á sínum snærum. Þar er búið að gefa út plötu og þróa verkefnið. Hugsunin er sú að versla með samninga í framhaldi af því,“ segir Hildur.

Hildur segir Midem í raun vera svokallaða framsalsráðstefnu, þar sem réttindi á tónlist séu framseld milli landa. „Þetta er eiginlega vettvangur *businesskjarna* tónlistarbransans ef svo mætti að orði komast. Þar sem helstu stefnur og straumar viðskiptahluta tónlistarinnar mætast.“

Hildur segir að ráðstefnan gangi í raun út á það að koma ákveðnum verkefnum eða fyrirtækjum í alþjóðleg viðskipti: „12 Tónar, Smekkleysa og Sena eru til að mynda öll í innflutningi á tónlist og mynddiskum. Þessir aðilar fara út til að tryggja sér fleiri umboð og sjá hvað er spennandi að gerast næsta árið.“

AÐ SETJA NIÐUR KARTÖFLUR

Einar Bárðarson umboðsmaður er að fara á Midem í þriðja skipti. Hann segir þar kenna ýmissa grasa. „Þarna er að finna allt frá útgefendum ódýrra safnplata upp í alþjóðlegar stórstjórnur á mála hjá stórfyrirtækjunum og svo allt þar á milli.“

Útgáfufyrirtæki Einaris í Bretlandi, *Believer*, gefur út hljómplötu *Nylon* á Bretlandsmarkaði á næstu misserum og verður Einar í eldflunnunni við að kynna

sveitina á öðrum mörkuðum. Áhersla Einaris verður á að landa svokölluðum framsals-samningum (*licensing*) en þeir fela í sér að plötuframtæki leigja upptökur og gefa út á sínum heimamörkuðum, gegn því að fá ákveðna prósentu af sölutekjum. „Þá fær maður aðgang að markaðsmaskínunum þessara fyrirtækja í stað þess að þurfa að gera þetta allt saman sjálfur frá grunni. Við verðum í samstarfi við *Universal* og *Sony* í Skandinavíu og til stendur að hitta mjög sterka hollenska aðila,“ segir Einar.

Einar líkir Midem-ráðstefnunni við risastóra fiskvinnslusýningu: „Þarna úir og grúir af alls kyns dóti. Maður kemur með plötuna, leyfir fólk að hlusta og svo er ekki verra að vera með hreyfimyndir til að krydda þetta aðeins.“

Einar telur miklu muna að koma á ráðstefnunna með listamenn á borð við



STEFÁN HJÖRLEIFSSON HJÁ DEGI GROUP
„Þetta snýst ekki síst um að umgangast fólk, treysta viðskiptasambönd og mynda ný.“



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbilinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka akstursegningu. Volvo XC70.

Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjór hjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirk meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörmin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálfu. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að billinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunkturinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærrí en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhykksvörnina í

framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnacka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bilar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynntur þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lykklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Líðu í lúxus. Veldu Volvo.



Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.



Volvo XC70 AWD bensín. Verð 4.760.000 kr.*

Volvo XC70 AWD dísil. Verð 5.060.000 kr.*

Nylon, sem hyggi á útgáfu á stórum markaði: „Það þýðir vist lítið að ætla að banka upp á og byrja frá núlli. Þegar fólk heyrir að það á að fara að markaðssetja einhverja vöru fyrir mörg hundruð þúsund pund þá opnar það eyrun og vill þá jafnvel tryggja sér útgáfu-leyfið ef ske kynni að sveitin slái í gegn.“

Garðar Cortes er annar listamaður sem Einar bindur vonir við. Hann segir strategíuna ekki jafn fastmótaða og í tilviki Nylons en þó spilli ekki fyrir að rúm tuttugu þúsund eintök af plötu Garðars seldust fyrir síðustu jól. „Það vekur alltaf meiri athygli hafi plata náð gull- eða platinusölu á heimamarkaði,“ segir Einar.

Midem snýst að miklu leyti um að byggja upp sambönd ár frá ári og hefur Einar nú þegar skipulagt fundi með sínum helstu tengiliðum: „Þetta eru mikið til fundahöld. Svo ef það eru einhverjir stórir kallar sem maður vill

spjalla við en hefur ekki náð í þá eltir maður þá einfaldlega uppi á sýningunni sjálfri.“

Það er þó sjaldnast svo að hljómsveitir verði stórar í einu vettfangi. „Þetta er svolítið eins og að setja niður kartöflur, uppskeran kemur ekki daginn eftir. Maður fylgir þessu eftir og vinnur í þessu mánuðina á eftir. Ég vonast fyrst og fremst eftir að fá licensing-samninga fyrir þau svæði sem við getum ekki sinnt sjálf,“ segir Einar.

NÝ OG GÖMUL VIÐSKIPTASAMBÖND

Stefán Hjörleifsson hjá Degi Group telur Midem nýttast vel til að fylgjast með helstu tækninýjungum: „Ég sækir fyrst og fremst í minni hliðarráðstefnur sem fjalla um tækninýngar á ýmsum sviðum, svo sem í staf-rænni dreifingu tónlistar gegnum internetið og farsímadreifingu. Þar fær maður það ný-
a s t a beint í æð.“



BRITNEY SPEARS Á MIDEM Uppskeru-hátíð franskra tónlistarmanna fer fram áður en Midem ráðstefnan er formlega sett. Þar mæta jafnan margar stórstjörnur, franskar sem alþjóðlegar.

Stefán sækir nú Midem í sjötta skipti en segir lítið um að Dagur Group flytji inn efni af Midem. Dagur sé í samstarfi við flest stærstu alþjóðlegu útgáfufyrirtækin, þau séu hins vegar fæst með fulltrúa á ráðstefnunni. „Þetta eru að miklum hluta minni og millistór fyrirtæki. Við fáum í kringum tvö hundruð erindi á hverri sýningu en tökum inn lítinn hluta af því efni. Við prófum þó sendingu og sendingu,“ segir Stefán.

Tilgangurinn með því að heim-sækja Midem er þó ekki endilega sá að landa samningum, frekar að byggja upp og rækta viðskiptasambönd. „Við fáum nasasjón af því nýjasta sem er að gerast tæknilega, en svo snýst þetta ekki síst um að umgangast fólk; treysta viðskiptasambönd og mynda ný,“ segir Stefán Hjörleifsson.

NYLON OG GARÐAR CORTES MEÐ PLATÍNUPLÖTUR SÍNAR Einar Bárðarson, umboðsmaður Garðars og Nylons, segir miklu skipta að plata hafi náð góðri sölu heima fyrir, það vekir alltaf meiri athygli hafi plata náð gull- eða platinusölu á heimamarkaði.



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þinar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á



Á Olíufélaginu er 15 til 22 milljarða

Í næstu viku er gert ráð fyrir að kalla eftir óskuldbindandi tilboðum í Olíufélagið. Að því loknu verða örfáir fjárfestar kallaðir til frekari viðræðna. Ljúka á við sölu á fyrsta fjórðungi þessa árs. Innlendir og erlendir fjárfestar hafa sýnt félaginu áhuga. *Óli Kristján Ármannsson* kynnti sér Olíufélagið.

VÖRUGJÖLD AF BENSÍNI

Í lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. frá árinu 1993 er kveðið á um álagningu ríkisins.

Samkvæmt fjórtánda grein laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleiru skal af hverjum lítra af bensíni greiða 9,28 krónur í vörugjald. Svo er á bensín líka lagt sérstakt bensíngjald, 32,95 krónur á hvern lítra af blýlausu bensíni og 34,92 krónur á hvern lítra af öðru bensíni. Olíugjald er svo 41 króna á hvern lítra af olíu, fram til 1. júní á þessu ári en hækkar þá í 45 krónur. Olía á skip og báta og til nota í margvíslegan iðnað er undanþegin vörugjaldi. Bensín sem verður notað eða hefur sannarlega verið notað á flugvélar er líka undanþegið vörugjaldi.

Frá því var greint í byrjun síðustu viku að Olíufélagið Esso væri til sölu vegna breytinga

í áherslum fjárfestingastefnu hjá eignarhaldsfélaginu Keri hf. sem á Olíufélagið að fullu. Félagið verður þá annað gömlu olíufélaganna til að skipta um eigendur, en haustið 2004 keyptu Hagar Skeljung eftir að nokkrar breytingar höfðu orðið á eignarhaldinu árið áður. Á annan tug fjárfesta, bæði innlendir og erlendir, eru sagðir sýna Olíufélaginu

áhuga og er stefnt að því að ljúka samningum um sölu félagsins strax á fyrstu þremur mánuðum ársins.

STÆRSTA OLÍUFÉLAGIÐ

Ekki liggja fyrir staðfestar nýjar upplýsingar úr rekstri Olíufélagsins, en samkvæmt heimildum Markaðarins, nemur EBITA félagsins,

en það er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, á síðasta ári 1,5 til 2 milljörðum króna. Þegar fyrirtæki af þessari stærð er selt má reikna með því að verðið endurspegli allt upp í ellefufalda EBITU, misjafnt eftir því hvað félag er skuldbætt, og gæti verðið því hlaupið allt frá 15 milljörðum króna og vel yfir 20 milljarða.

Olíufélagið er sagt vera með yfir 40 prósentu markaðshlutdeild, en ef eingöngu er horft til fjölda bensínstöðva er félagið álíka stórt og Skeljungur, bæði félög með um 100 stöðvar um land allt og ef Bensínorkan er talin með er Skeljungur með einni stöð fleira í höfuðborginni. Starfsemi félagsins er hins vegar víðtækari en svp að hún nái bara til bensínstöðva, í tengslum við þær er verslunarrekstur og auk þess selja félögin olíu í skip og eldsneyti á flugvélar, auk annars varnings svo sem smurólíu, gass og lakkbensíns (White spirit). Þá á Olíufélagið, ásamt Olís, Olíudreifingu ehf. sem annast dreifingu á olíuvörum um land allt fyrir eigendur sína, en þann hlut á þó ekki að selja með. Starfsmenn Olíufélagsins eru um 400 talsins.

VÖXTUR OG TÆKIFÆRI

Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Olíufélagsins,

segir Atlantsolíu vera eina óvissuþáttinn þegar kemur að því að meta markaðshlutdeild olíufélaganna. „Við fáum tölur úr flutningsjöfnunarsjóði og vitum þess vegna nokkurn veginn hver okkar hlutdeild er nú fyrstu ellefu mánuði síðasta árs,“ segir hann en tölur um Atlantsolíu koma ekki fyrir en síðar. „Á bensínmarkaði teljum við okkur hins vegar geta fullyrt að við séum með um 38 prósentu hlutdeild,“ segir hann og bætir við að á gasólumarkaði, það er í sölu á dísilólíu, gasólíu til verktaka og olíu til skipa, telji félagið sig vera með um 45 prósentu hlutdeild á síðasta ári. „Og svo á svokölluðum svartólumarkaði um það bil 40 prósent.“ Hjörleifur segir hlutdeildina í flugvélaeldsneyti heldur minni, um 20 prósent og áætla þá að heildarmarkaðshlutdeildin sé ríflega 40 prósent. „Örugglega stærstir, þó aðrir séu kannski ekki langt á eftir.“ 60 prósentunum sem eftir eru deila svo í stærðarröð Skeljungur, Olís og Atlantsolía.


Olíufélagið hefur breyst nokkuð undanfarin ár, en áður voru umsvif þess meiri í öðrum félögum og eignir víða. Núna einbeittir Olíufélagið sér að kjarnastarfsemi. „Rekstur Olíufélagsins, sem gengið hefur mjög vel á undanförunum árum með góðri og batnandi afkomu, snýst nú orðið fyrst og fremst



Fréttablaðið/ Heiða



Fréttablaðið/ Heiða



SVARTAGULL EFTIR JÓN P. ÞÓR Bókin kom út árið 1996, en Ólíufélagið gaf hana í tilefni af fimmtíu ára afmæli félagsins.

Fyrstu árin og breytt umhverfi

Ólíufélagið var stofnað sumarið 1946 og starfaði áratugum saman í umhverfi þar sem oliuviðskipti voru fastmótuð og stýrð af samningum ríkisins.

14. júní árið 1946 var boðað til fundar um stofnun nýs fyrirtækis í Reykjavík. Fundurinn var haldinn í Oddfellowhöllinni og tilgangurinn að ræða og taka ákvörðun um stofnun hlutafélags í því skyni að flytja inn og versla með brennsluolíur, smurningusolíur og aðrar þvílíkar vörur.

Samþykktur var stofnsamningur fyrir Ólíufélagið og í fyrstu stjórn félagsins voru kosnir Vilhjálmur Þór, Ástþór Matthíasson, Jakob Frímansson og Skúli Thorarensen. Fyrsti stjórnarfundurinn var svo haldinn þriðjudaginn 18. júní, að því er fram kemur í Svartagulli eftir Jón P. Þór, en í bókinni er rakin saga Ólíufélagsins hf. frá 1946 til 1996.

Stjórnarinnar biðu mikil verkefni enda þurfti að byggja allt frá grunni, aðstöðu, dreifikerfi, sölustarfsemi og hvað eina.

Fyrir voru starfandi í landinu þrjú olíufélög Ólíuverslun Íslands, Skeljungur og svo langminnsta félagið H.Í.V., en það rann fljótlega inn í Ólíufélagið.

Allt frá því á sjötta áratugnum og fram í upphaf þess tíunda var svo innflutningur og viðskipti með olíu háð ströngum verðlagsákvæðum stjórnvalda sem í raun komu í veg fyrir eiginlega verðsamkeppni. Samkeppni var þó sögð eiga sér stað á sviði þjónustu við viðskiptamenn.

1. janúar árið 1992 var svo innflutningur á olíuvörum gefinn frjálss og segir í Svartagulli að þá hafi íslensku olíufélögin í fyrsta sinns getað hafið innfutning án afskipta eða fyrirmæla stjórnvalda „frá því fyrsti viðskiptasamningurinn við Sovétríkin var gerður árið 1953.“

... EBITA félagsins, en það er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, á síðasta ári 1,5 til 2 milljörðum króna. Þegar fyrirtæki af þessari stærð er selt má reikna með að verðið endurspegli allt upp í ellefufalda EBITU ...

króna verðmiði

um eldsneytissölu og rekstur þægindavörverslana,“ segir Hjörleifur og bætir við að félaginu hafi gengið mjög vel í verslunarrekstri við hlið eldsneytissölnnar. „Í honum er mikill vöxtur og fjöldi tækifæra.“

FYRSTU TILBOÐ Á LEIÐINI

Hjörleifur segir að bæði séu ákveðnar hugmyndir um verð innan félagsins og svo einnig hjá Íslandsbanka sem sér um sölu. „En það er ekkert sem við gefum út. Íslandsbanki er búinn að vinna svokallað söluyfirlit, ekki mjög ítarleg gögn en nóg til að gefa yfirsýn yfir markaðsstöðu okkar og rekstur. Svo leita áhugasamir til Íslandsbanka og þeir sjálfsagt til einhverra sem þeir telja að kunni að vera áhugasamir. Gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar eru þessi gögn svo afhent og á ákveðnum tímavörðum gera þessir aðilar svo óskuldbindandi tilboð í félagið.“

Að þessu loknu segir Hjörleifur að taki við grisjun tilboða og þeir sem eftir standa fái frekari upplýsingar og tækifæri til að skoða félagið. „Í framhaldinu gera þeir svo



HJÖRLEIFUR JAKOBSSON
Forstjóri Ólíufélagsins segir verslunarrekstur við hlið eldsneytissölnnar hafa gengið mjög vel og þar séu enn mörg tækifæri.

skuldbindandi tilboð með einhverjum takmörkuðum fyrirvörum,“ segir hann og kveðst gera ráð fyrir að salan gangi nokkuð hratt fyrir sig. „Ef farið er nokkuð rösklega í þetta, þá erum við að tala um svona sex til átta vikur.“

ÁHUGINN ER TÖLUVERÐUR

Örn Gunnarsson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka, sem sér um sölu á Ólíufélaginu segist merkja það af umræðunni að ef til vill átti menn sig ekki á hversu gott félagið sé í raun. „En það kom mér svo sem pínulítið á óvart líka þegar við byrjuðum að skoða þetta. Félagið er í afburðafinnum rekstri og búið að skapa sér vettvang þannig að enn er eftir fullt af tækifærum. Félagið á að geta vaxið ágætlega á komandi árum, fjármagnsstreymið er mjög stöðugt og það því að mörgu leyti mjög áhugaverður fjárfestingarkostur. Hins vegar

eru kannski ekkert mjög margir sem hafa efni á svona stóru félagi,“ segir hann, en bætir um leið við að töluverður áhugi, bæði innlendur og erlendur, sé á Ólíufélaginu. „Við

erum hins vegar bundnir trúnaði um hverjir þessir aðilar eru, en þeir fylla eitthvað á annan tuginn.“ Örn segir mikinn áhuga svo sem ekki koma fyrirtækjaráðgjöfni í opna skjöldu, en engu að síður sé hann ívið meiri en gert hafi verið ráð fyrir. Hann segir ljóst að ekki verði margir valdir til halda áfram eftir að óskuldbindandi tilboðum hafi verið skilað inn. „Einn, tveir eða þrjú,“ segir hann og hlær. „Enda menn komnir í slíka dýpt á trúnaðarupplýsingum.“ Þá segir Örn ástæðuna fyrir því hversu hratt er hægt að láta sölu ganga vera að félagið og staða þess sé nokkuð vel þekkt, olíugeirinn hafi verið mjög vel rannsakaður, fyrir liggja opinberar skýrslur og annað slíkt. „Með félög í tiltölulega h e f ð b u n d n u m

rekstri er hægt að gera þetta svona og svo þekkja líka allar fjármálastofnanir þennan rekstur bæði út og inn.“

Bensínstöðvar í Reykjavík

Ef horft er til fjölda bensínstöðva í Reykjavík virðist sem Ólíufélagið Esso sé næststærst, en markaðshlutdeild fyrirtækisins á landinu öllu er sögð nema yfir 40 prósentum.

Ólíufélagið rekur tólf bensínstöðvar í Reykjavík, níu undir merkjum Esso og þrjár sjálfsafgreiðslustöðvar undir merkjum Ego.

Félagið er því með einni stöð færri í Reykjavík en Skeljungur sem rekur níu Shellstöðvar og fjórar Orkustöðvar. Olís rekur sjö stöðvar undir eigin merkjum í Reykjavík og fjórar ÓB sjálfsafgreiðslustöðvar. Atlantsolía er svo með þrjár bensínstöðvar í Reykjavík.



Lúxusbílar frá Bandaríkjunum

IB EHF. á Selfossi frumsýnir **FORD F-150 HARLEY DAVIDSON**, árgæð 2006. **HARLEY DAVIDSON** útgáfa af **FORD F-350 DÍESEL**, hefur verið í boði hjá **IB** fram til þessa og notið fádæma vinsælda en nú bætist **F-150** í hópinn, en hann er með 5,4 lítra Triton-bensínvél sem gefur 300 hestöfl. Jafnramt er í fyrsta skipti boðið upp á sídrif í F-150 bíl. Bíllinn er sérlega glæsilegur og vel búinn, má þar nefna aksturstölvu, aðgerðir í stýri, rafdrifin sæti og rúður, 22" póleraðar og hertar álfelgur, svört leðursæti, tvöfaldan krómpúststút og perlugráa mæla í mælaborði.



Varahlutir - Sala - Ábyrgð - Þjónusta - Sérpantanir

Sími 4 80 80 80 Fossnesi A 800 Selfossi



IB bílar eru öruggir bílar til að vera á

Undanfarin ár hefur IB ehf. flutt inn hágæðabíla á góðu verði frá heimsþekktum bandarískum bílaframleiðendum, s.s. **FORD, GM, CHRYSLER, JEEP, OG NÚ SÍÐAST FRÁ TOYOTA USA**, með það að leiðarljósi að þjóna kröfum kaupandans sem best. Hjá **IB** ehf. eru gæðin og þjónustan í fararbroddi og þú getur verið öruggur um góða ráðgjöf og faglega þjónustu. **IB** ehf. uppfyllir öll lög og reglur um neytendaábyrgð, eða 2 ára ábyrgð á öllum nýjum bifreiðum, sem studd er með fullkomnu þjónustuverkstæði sem sérhæfir sig í amerískum bílum ásamt því að bjóða mikið úrval af vara- og aukahlutum. Nýverið bættist nýr tækjakostur við þjónustuverkstæði **IB** ehf. sem getur tölvulesið flestar tegundir bifreiða frá USA, Evrópu og Asíu.



Toyota Tacoma 4,0l. V6 bensínvél

Bíllinn gefur 236 hestöfl við 5200 snúninga, tog er 382 NM við 3800 snúninga. 5 þrepa sjálfskipting, 100% læsing á afturdrifi. Valinn besti nýi pallbíllinn árið 2005 af samtökum bílablaðamanna í Kanada. Eyðsla 10,3 l/100 í langkeyrslu og 13,9 l/100 í innanbæjarakstri. Nokkrir litir til á lager!



Varahlutir - Sala - Ábyrgð - Þjónusta - Sérpantanir

Sími 4 80 80 80 Fossnesi A 800 Selfossi

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miklar hækkningar hlutabréfa auka hættu á leiðréttingu.

Almenningur þarf að fara varlega

Hafliði Helgason

Verðmæti stærstu félaga í Kauphöll Íslands hefur hækkað um á þriðja hundrað milljarða króna á þeim stutta tíma sem liðinn er frá áramótum.

Með sömu hækkunum mun Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands ná 20 prósentu hækkun fyrir lok mánaðar, en það er sú hækkun sem Greining Íslandsbanka gerði ráð fyrir að yrði á árinu í heild. Þær hækkningar sem orðið hafa frá áramótum eru ekki vegna neinna nýrra tíðinda sem varða rekstur eða fjárfestingar fyrirtækjanna, heldur hefur fyrst og fremst losnað um spennu í eigendahópi fyrirtækja.

Á sama tíma hefur þess orðið vart að smærri fjárfestar og einstaklingar hafa verið að kaup íslensk hlutabréf í auknum mæli. Við þessar kringumstæður er ástæða til að staldra við og minna á að ekki er allt gull sem glóir. Það er þekkt í sögu allra helstu hlutabréfamarkaða að smærri fjárfestar hrúgast inn á markaðinn þegar hann er um það bil að ná hámarki. Þeir sem fyrstir koma ná gjarnan ágætis skammtíma árangri og vex við það ásmegin; kaupa meira og verða enn áhættusæknari. Þegar svo markaður leiðréttrir kúrsinn sitja þessir fjárfestar eftir með sárt ennið.

Íslenskur hlutabréfamarkaður hefur hækkað svo um munar síðustu þrjú árin. Aðstæður hafa verið einkar hagfelldar. Miklir fjármunir hafa verið í umferð samfara fækkandi fjárfestingarkostum. Uppgangur hefur verið í efnahagslífinu og helstu fyrirtækin hafa sótt fram og gegnið vel í útrásinni. Það eru því góð og gild rök fyrir hækkunum og engin þess umkomin að halda því fram að fyrirtækin geti ekki staðið undir því verði sem er á þeim í dag. Til þess að það gerist þarf hins vegar flest að ganga upp.

Fjárfesting í hlutabréfum er áhættusöm. Einstaklingar og þeir sem ekki eru atvinnumenn í greininni ættu að hafa hugfast að verð hlutabréfa getur sveiflast verulega. Farsælást er fyrir venjulegt fólk að huga vel að áhættudreifingu við fjárfestingar og byggja upp sparnað yfir lengra tímabil. Þannig ná menn að fjárfesta bæði þegar of mikil bjartsýni ríkir á markaði og einnig þegar svartsýnin er allsráðandi. Sálfræði markaðarins reynist mörgum erfið. Þannig er hinn sálræna tilhneiging sú að vaða inn á markaðinn þegar allt stendur sem hæst og selja sig svo út með tapi þegar svartsýnin ríkir. Markaður stjórnað af vonum og ótta og eins og ágætur maður sagði, þá er það gjarnan svo að fólk óttast þegar það ætti að vona og vonar þegar það ætti að óttast. Staðan nú er staða vonarinnar þegar menn ættu kannski að vera að leita óttans.

Hverju sem fram vindur, þá er ljóst að á undanförunum árum hefur öflugur markaður og framsýnir fjárfestar og stjórnendur náð að skapa nokkur stórveldi í íslensku viðskiptalífi. Hver sem verðlagningin er nú og hvort hún stenst til lengdar breytir ekki því að sú uppsveifla sem verið hefur mun verða varanleg að einhverju leyti. Mörg þeirra fyrirtækja sem náðu að byggja sig upp á tímabilinu munu skila fjárfestum góðum arði til framtíðar. Íslendingar ættu að leggja meira til hlíðar í frjálsan sparnað og búa sig betur undir mögum ár, en þjóðin hefur hingað til gert. Hlutabréf eru meðal þeirra fjárfestingarkosta sem standa til boða. Þau eru góður kostur, ef fylgt er þeim ráðleggingum sem sérfræðingar hafa sett fram í ljósi sögunnar. Enginn verður góður fjárfestir án hugrekksis, en fífldirfskan er vís leið til að fara illa út úr fjárfestingum. Stórir fjárfestar verja miklum tíma í að skoða þá kosti sem í boði eru og taka ákvarðanir að vel ígrunduðu máli. Almenningur hefur hvorki tíma né tök á slíkri vinnu. Þess vegna er mikilvægt að fylgja almennum reglum um áhættudreifingu og fjárfestingu yfir lengra tímabil til lengri tíma, jafnvel þótt sú kennd heltaki mann að allir séu að græða nema maður sjálfur.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olrik@markadurinn.is

Ætlar þú að grípa tækifærið?

Viltu veita starfsmönnum þínum tækifæri til að marka fyrirtæki þínu varanlega sérstöðu í ört vaxandi samkeppni?

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, nýtsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, góð skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Þriggja vikna fyrirtækjanámskeið Hraðlestrar skólans eru sérsníðin að þörfum atvinnulífsins. Aukinn lestrarhraði, skilningur og markvissari upplýsingaöflun starfsmanna þinna gæti opnað þínu fyrirtæki aðgang að stórkostlegu tækifæri. Ert þú tilbúinn að grípa það?

Hafðu samband í síma 586-9400, sendu póst á jowi@h.is eða kíktu á <http://www.h.is>



„Námið er mjög markvisst og yfir skemmtilega við gömlu heilasellunum.“

Sigurður Jónsson, 59 ára afgreiðslumaður

Almannatengsl og styrkir til félagasamtaka

Á hverju ári eyða íslensk fyrirtæki tugum milljóna í að styrkja góð málefni og bæta þar með ímynd sína. En hver er raunverulegur ágóði af slíkum styrkjum? Ekki mikill, að mati undirritaðs. Fyrirtæki styrkja Mæðrastyrksnefnd, Barnaheill og Kvænnaathvarfið – svo nokkur félög séu gripin úr lausu lofti – um tugi þúsunda króna á hverju ári. Árangurinn er jafnan fréttatilkynning á blaðsíðu 46 í Mogganum eða Fréttablaðinu; mynd af brosandri framkvæmdastjóra að rétta fram stóran tékka. Peningarnir skila sér í starf viðkomandi samtaka eða félags; fyrirtækið heldur áfram sínum rekstri, án þess að styrkurinn hafi skilað sér í jákvæðu viðmóti almennings svo teljandi sé.

Íslensk fyrirtæki þurfa að taka styrktarmálefni sín til gagnagerrar endurskoðunar. Það þjónar takmörkuðum tilgangi að setja peninga í góðgerðarmálefni ef ekki á að „lyfta“ málefni á þann máta að eftir því sé tekið. Með því að „lyfta“ málefnum í samfélagsumræðunni er hægt að fanga athygli almennings og samhliða því fær gott málefni verðskuldaða athygli.

Tökum dæmi: Á dögum ákvað Lýsing hf. að styrkja Barna- og unglingsgeðdeild LSH með því að standa fyrir styrktartónleikum. Hver einasta króna sem kom í kassann rann óskert til BUGL. Allur kostnaður við tónleikana var greiddur af Lýsingu og Íslensk almannatengsl lögðu til umtalsverða vinnu til styrktar málefni.

Eftir að Lýsing hafði kynnt fyrir forsvarsmönnum BUGL áhuga sinn á málefnum deildarinnar og vilja sinn til þess að leggja henni lið, var haft samband við Íslensk almannatengsl. Íslensk almannatengsl voru fengin til þess að vinna mikið af efni fyrir fjölmiðla er snerti BUGL og vandamál ungra einstaklinga með geðræn vandamál og hvernig það vandamál snerti fjölskyldur þeirra. Ákveðið var að beina spjótunum einnig að félagslegri umgjörð þeirra sem á einhvern hátt glíma við geðræn vandamál. Leitast var við að svara spurningum hvaða áhrif úrræðaskortur í þessum málaflokki hefði á skólastarf, hvernig sveitarfélög og ríki aðstoða fjölskyldur sem eru að takast á við þessi mál, hvaða úrræði eru í boði og hvert foreldrar eiga að snúa sér. Útbúnir voru listar yfir einstaklinga sem á einhvern hátt komu nærri þessum málaflokki, og voru jafnframt tilbúnir til þess að ræða við fjölmiðla: fólk sem á eða hefur átt

ORD Í BELG

Ómar Valdimarsson framkvæmdastjóri Íslenskra almannatengsla.



við geðheilbrigðisvandamál að stríða, aðstandendur, félagsráðgjafa, forsvarsmenn félagasamtaka, barnageðlækna, starfsfólk BUGL, sveitarstjórnarmenn og alþingismenn. Ákveðnum einstaklingum á þessum lista var síðan komið á þá fjölmiðla sem sýndu málefni áhuga, ásamt því sem dregnir voru fram ýmsir fréttapunktur úr starfi BUGL og settir í fréttatilkynningar. Ákveðið var að skipta áherslum verkefnisins niður í þrjá parta:

Fyrstu dagana yrði lögð áhersla á að koma forsvarsmönnum BUGL að í fjölmiðlum þar sem þeir myndu ræða um nauðsyn þess að ráðist yrði í stækkun deildarinnar. Vandamálið, og þarfir þess hóps sem sækir þjónustu til BUGL, var kynnt fyrir þjóðinni og ráðamönnum.

Að nokkrum dögum liðnum var hafist handa við að koma börnum með geðheilbrigðisvandamál og fjölskyldum þeirra að í fjölmiðlum. Að auki var unnið að því að koma sérfróðum einstaklingum um þessi mál að í fjölmiðlum þar sem þeir gátu úttalað sig um hvernig best væri að þessum málum væri háttað. Vandamálið fékk þannig persónulega ásynd og náði betur til almennings og ráðamanna. Þegar nær dró tónleikumum, sem Lýsing stóð fyrir til styrktar BUGL, hafði jarðvegurinn verið plægður vandlega fyrir málefnið. Unnið var að því að koma út efni um tónleikana. Þar kom skýrt fram að hver einasta króna sem inn kæmi vegna verkefnisins myndi renna óskert til BUGL; að Lýsing greiddi allan kostnað sem af verkefni hlytist. Einstaklingum gafst þar með tækifæri til þess að leggja þessu góða málefni lið á sama tíma og viðkomandi naut fallettar klassískrar tónlistar. Lýsing naut góðs að því að tengja nafn sitt málefni.

Óhætt er að segja að árangurinn af starfinu hafi verið einstaklega góður. Fjölmiðlar tóku málefni BUGL upp á hendur sínar og nokkrir miðlar ákváðu að gera málinu mjög góð skil. Skömmu eftir að fjölmiðlar hófu að gera málefni skil urðu þáttaskil í málefnum BUGL. Athygli heilbrigðisráðherra á málefni hafi verið vakin

með ótvíræðum hætti. Í viðtali við Morgunvakt Ríkisútvarpsins þann 24. nóvember sl. lofaði ráðherrann að leggja fram þær 90 milljónir sem deildina skorti til þess að ráðast í stækkun; framkvæmdir skyldu hefjast á næstu tveimur mánuðum og verða lokið fyrir árslok 2007. Önnur fyrirtæki tóku einnig eftir því hve brýni þörf BUGL var og létu fé af hendi rakna til starfsins. Skörungsleg framkoma Ólafs Ó. Guðmundssonar, yfirlæknis BUGL, í baráttu sinni fyrir bættari aðstöðu fyrir skjólstæðinga sína varð til þess að Barnaheill veitti honum viðurkenningu samtakana vegna „sérstaks framlags síns í þágu íslenskra barna og réttinda þeirra“. Húsfallir varð tvö kvöld í röð og ein og hálf milljón króna safnaðist fyrir deildina.

Verkefni Lýsingar til styrktar BUGL hafði tekist einstaklega vel: Barna- og unglingsgeðdeild hafði tryggt sér nægan fjárstuðning til þess að ráðast í stækkun deildarinnar. Auk þess að leggja góðu málefni lið tengdist nafn Lýsingar þessu góða málefni með jákvæðum hætti.

Ög hver er lærdómurinn? Jú, íslensk fyrirtæki þurfa að vanda val sitt þegar það kemur að styrktarmálefnum og vanda til verka. Fyrirtæki sem vilja styrkja ákveðin málefni eða félagasamtök þurfa að undirbúa jarðveginn mjög vel áður en af stað er haldið, svo hægt sé að hámarka þá umfjöllun sem hugsanlegur styrkur kemur til að fá (nokkuð sem Baugur og Flugleiðir hefðu átt að athuga áður en viðkomandi félög styrktu UNICEF myndarlega á dögum). Fyrirtæki þurfa að svara nokkrum spurningum: Hvernig bregst þjóðfélagsumræðan við framlagi fyrirtækisins? Er hægt að undirbúa almenning fyrir svona styrk með einhverjum hætti? Hvernig hagnast fyrirtæki á þessu? Hvernig hagnast það félag eða málefni sem fyrirtækið styrkir á þessu? Hvernig á að segja frá þessu? Hvernig hjálpar fjölmiðlaumfjöllun málefni/félaginu og hvernig hjálpar það fyrirtækinu? Hvernig vill fyrirtækið tengjast þessu málefni? Ef svörin eru vitanandi er hægt að skoða framhaldið.

Eftir því sem íslenskum fyrirtækjum gengur betur í viðskiptum mun styrkjum til félagasamtaka og einstakra málefna vonandi fjölga. Vonandi mun þeim hins vegar fækka sem telja að handaband, ávísun og ljósmynd tekin með nýju stafrenu myndavél fyrirtækisins sé nóg.

UM VÍÐA VERÖLD

Bandaríkin brenna húsgögn sín

The Economist | Efnahagur Bandaríkjanna er í mun verra ásigkomulagi en margir gera sér grein fyrir. Nú þegar síðasti vinnudagur Alans Greenspan, seðlabankastjóra Bandaríkjanna, hefur runnið upp keppast hinir ýmsu áhrifamenn við að hrósa honum. Engan skyldi undra því Bandaríkin hafa notið ríkulegs vaxtar og lágrar verðbólgu á því átján og hálfu ári sem Greenspan hefur verið við stjórn. The Economist telur þó svartara fram undan og að hagstjórn Seðlabankans sé um að kenna. Stór hluti hagsældarinnar er ekki að þakka tekju- eða framleiðniaukningu, heldur er fengin að láni. Þessari talsýn sé best lýst með orðum austurríska hagfræðingsins Ludwig von Mises: „Það getur stundum verið gott úrræði að kynda ofninn með húsgögnum sínum. Maðurinn ætti þó ekki að blekkja sjálfan sig með því að telja sig hafa fundið dásamlega nýja aðferð til kyndingar hibýla sinna.“

Þjóðnýting auðlinda í bigerð

Fortune | Kosningaloforð nýkjörins forseta Bólivíu, Evo Morales, um þjóðnýtingu olíu- og gasiðnaðar landsins, tryggðu honum stuðning almennings. Frá einkavæðingu iðnaðarins árið 1996 hefur mikil framleiðsluaukning átt sér stað. Það hefur auðgað erlend stórfyrirtæki en látið almenning í landinu að mestu ósnortinn. Fortune veltir fyrir sér hvort Morales muni takast að snúa þeirri þróun við. Hann veit sem vist er að með því að svipta erlend stórfyrirtæki eignum sínum mun fara af stað hrina skaðabótakrafna sem mun kosta ríkið fleiri milljarða dala. Hann hefur sagt að um beina eignasviptingu verði ekki að ræða heldur nýja sanninga sem veita ríkinu stjórn á því hverjum fyrirtæki mega selja og á hvaða verði. Ólíklegt þykir að stórfyrirtækin muni sætta sig við miklar breytingar. Gagnrýnendur Morales telja að breytingarnar verði litlar þrátt fyrir fögur loforð. Reynist þeir sannspær þykir líklegt að hann fari sömu leið og forveri hans sem hrökklaðist frá völdum.

Veitingahús græðir á forvörnum

Lítill veitingastaður sem stofnaður var fyrir nokkrum árum gekk framur vonum. Fljótlega voru fleiri staðir opnaðir og vöxturinn varð hraður. Starfsmönnum fjölgaði hratt en vandinn var hins vegar sá að margvísleg óhöpp og tjón fóru vaxandi hjá fyrirtækinu.

Fyrirtækið hafði margar bifreiðar í rekstri og tjón á bifreiðunum og öikumönnum var því miður hátt. Hver bíll var með rúmlega 17 falda tjónatíðni miðað við meðaltjónatíðni í umferðinni. Þá voru bílarnir, sem annars hefðu verið keyrandi

ÖRYGGI Á VINNUSTÖÐUM

auglýsing fyrir fyrirtækið, mun meira inni á lokuðum verkstæðum og leigja þurfti bíla frá bíla-leigum fyrir starfsmenn. Auk þess voru merktu bílarnir slæm ímynd fyrirtækisins þar sem þeir óku beyglaðir um göturnar. Loks skaðaðist ímynd fyrirtækisins á því að talað var um að bílarnir færu geyst um íbúðagötur og sköpuðu verulega hættu fyrir íbúa. Auðvitað var verst að í sumum óhöppunum voru starfsmenn að slasast.

Í byrjun ársins 2001 var ákveðið að hefja forvarnaáttak hjá fyrirtækinu í samstarfi við tryggingafélag þess sem fólst í því að tryggingafélagið tók alla starfsmenn á námskeið um leið og þeir hófu störf og svo aftur nokkrum mánuðum seinna. Fyrirtækið sjálft breytti ráðningum, gerði meiri kröfur til starfsmanna og yfirmenn voru

gerðir ábyrgari gagnvart þeim tjónum sem undirmenn ollu. Bílunum var breytt með því að draga úr krafti þeirra og árangurinn lét ekki á sér standa. Árið 2001 voru 17 sinnum meiri líkur að bifreið fyrirtækisins yrði fyrir óhappi en meðalbifreið en árið 2004 voru óhöppin orðin svipuð og á öðrum bifreiðum landsmanna. Áhrifin á rekstur fyrirtækisins eru gífurleg. Lægri tryggingar, eigin áhættur mun minni, rekstrarkostnaður

bifreiðanna mun lægri, kvartanir vegna fantaaksturs eru nánast horfnar og ímynd fyrirtækisins hefur breyst verulega til batnaðar. Fyrirtækið hefur hlotið forvarnaverðlaun fyrir frábært framtak. Það sem skilar líklega bestum árangri til langs tíma er að starfsmenn fyrirtækisins hafa tileinkað sér forvarnahugarfar sem á eftir að skila sér á öðrum sviðum í rekstri þess.

Sveinn Segatta, Framkvæmdastjóri fyrirtækisviðs Sjóvá.

... og árangurinn lét ekki á sér standa. Árið 2001 voru 17 sinnum meiri líkur að bifreið fyrirtækisins yrði fyrir óhappi en meðalbifreið en árið 2004 voru óhöppin orðin svipuð og á öðrum bifreiðum landsmanna.

AURASÁLIN

Afturvirkir samningar

Það er búið að setja ný viðmið. Samkvæmt forsiðu á hinu nýja og endurbætta DV er forstjóri Straums með fimm milljónir króna í laun á dag. Forstjórinn græðir svona mikið af því að hann er mjög duglegur að vinna og lætur hlutabréfin hækka hratt í verði þannig að hinir eigendurnir eru líka mjög glaðir, af því allir græða og enginn tapar.

Snilldin hjá bankastjórunum núna er svokallaðir "afturvirkir" samningar sem eru þess eðlis að samið er um að kaupa hlutabréf í fyrirtæki á tilteknum tíma í fortíðinni á gefnu verði. Þeir gera samning um verð og bíða svo og sjá hvort það var góð ákvörðun eftir því sem tíminn líður. Þetta öfugt við framvirka samninga þar sem maður þarf fyrst að ákveða að kaupa á tilteknu verði og neyðist svo til að standa við það.

Afturvirkir samningar hafa hingað til ekki verið á boðstólum almennra fjárfesta. Aurasálin hefur til dæmis reynt að kaupa hlutabréf í Landsbankanum á genginu 3,0 sem var gengi bankans fyrir fjórum árum. Nú er gengið 27. Með afturvirka samningnum gæti Aurasálin keypt 100 milljón hluti á genginu 3 og ætti því núna 2,4 milljarða.

En jafnvel þótt Aurasálin hefði keypt 100 milljón hluti í Landsbankanum árið 2002 og geymt þá til dagsins í dag þá hefði ábatinn verið aðeins 2,4 milljarðar króna. Það er ekki nema 600 milljónir á ári – 50 milljónir á mánuði – 12,5 milljónir á viku og 2,5 milljónir á hvern virkan dag.

Með afturvirkum samningum væri hins vegar hægt að græða alveg fáránlega mikið. Til dæmis gæti Aurasálin gert samning um að kaupa fyrir nokkra milljarða í öllum fyrirtækjum landsins á gengi dagsins í dag. Ef það er tap á bréfunum þá sleppir Aurasálin bara að kaupa og „málið er dautt,“ eins og vinsælt er að segja um þessar mundir.

Ef fyrirtækin hafa hækkað massíft, til dæmis fjórfaldast í verði – eins og líklegt verður að teljast miðað við ótrúlega framleiðni-aukningu og kraftaverkaútrás íslenskra fyrirtækja - þá kaupir Aurasálin vitaskuld á þriggja ára gömlu verði og selur á markaðsverði. Aðeins hugmyndaflug-ið setur takmarkanir á hversu mikið hægt er að græða.

Aurasálin skorar á bankana að hefja sem allra fyrst sölu á afturvirkum samningum til almennra fjárfesta. Þá fyrst fer markaðurinn að hækka!

Stilling
- betri en bestir

Bílavarahlutir

THULE[®]
SWEDEN

SKIÐABOGGAR



Settu Thule á toppinn!

Stilling
Bílavarahlutir

ADALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003

SMÍÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is

FÓLK Á FERLI



HANNES SIGURGEIRSSON hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra Helgafellsbygginga hf. Hannes, sem var áður framkvæmdastjóri Steypustöðvarinnar, mun stýra uppbyggingu rúmlega eittþúsund íbúða hverfis í suðurhlíðum Helgafells í Mosfellsbæ sem hefst í vor. Hannes hefur starfað við steypuframléiðslu og verktakarstarfsemi frá árinu 1982. Árið 1995 varð hann stöðvarstjóri hjá Steinsteypunni í Hafnarfirði og tók við starfi framkvæmdastjóra árið 1999. Félagið var sameinað Steypustöðinni 2002 og hefur Hannes gegnt starfi framkvæmdastjóra hennar allar götur síðan. Hannes er kvæntur Gunnhildi Hörpu Hauksdóttur.

MYNDABRENGL

Vegna mistaka í vinnslu vaxluðust myndir í síðasta Markaðinum við tilkynningar af mannbreytingum hjá Atorku Group. Beðist er velvirðingar á mistökunum og birtast tilkynningarnar hér aftur með réttum myndum.

VALDÍS ARNARDÓTTIR

hefur verið ráðin kynningarstjóri Atorku Group. Valdís útskrifaðist úr viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1998 og lauk meistaraþrófi í viðskiptafræði frá sama skóla 2004. Valdís hefur starfað að síðastliðin þrjú ár í markaðsdeild Sjóvá. Þar áður starfaði hún hjá IMG og Landsbanka Íslands. Eiginmaður Valdísar er Þorlákur Runólfsson og eiga þau tvo drengi.

HARPA HERMANNSDÓTTIR

hefur verið ráðin í greiningu og eignastýringu Atorku Group. Harpa útskrifaðist úr viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2002. Harpa hefur starfað við fjárfstýringu hjá Sparisjóðabanka Íslands síðastliðin þrjú ár. Eiginmaður Hörpu er Jón Gunnar Geirdal og eiga þau eina dóttur.

Og Vodafone í Skútuvog

Og Vodafone áætla að flytja alla starfsemi þjónustuvers, skrifstofu og tæknisviðs í tæplega 4.200 fm húsnæði á tveimur hæðum í Skútuvogi 2 fyrir þriggja ára afmæli fyrirtækisins þann 16. apríl. Þar verður jafnframt opnuð 400 fermetra verslun í stað þeirrar sem nú er við Síðumúla 28.

Fyrirtækið hefur haft rekstur sinn á þremur stöðum í Reykjavík um nokkurra ára skeið en hyggst hagræða fjárhagslega og í nýtingu á búnaði og mannafla með því að flytja alla starfsemi í eitt húsnæði. Heildarfjöldi starfsmanna Og Vodafone er í kringum 350 en gert er ráð fyrir að um 300 manns verði við störf í Skútuvogi.

Elur upp Árbæinga

Skalli hefur verið í eigu sömu fjölskyldu í tvo áratugi og farið í gegnum miklar breytingar á smásölumarkaði. Fyrir versluninni fer **Guðlaug Steingrimsdóttir** sem segir að góð þjónusta við kunnana sé lykillinn að því að reka góða sjoppu. Skalli er ekki bara söluturn heldur einnig uppeldisstaður Árbæinga eins og **Eggert Þór Aðalsteinsson** komst að raun um.

„Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi starf en þessu fylgir líka mikil vinna. Maður hittir mikið af góðu, skemmtilegu og notalegu fólki,“ segir Guðlaug Steingrimsdóttir, verslunarkona í Skalla í Hraunbæ.

Það hafa ekki margir verið jafn lengi í sama rekstri og Gulla í Skalla eins og Árbæingar þekkja hana, sem hefur rekið söluturninn í yfir tuttugu ár.

Gulla hefur verið viðloðandi verslunarrekstur frá því að hún var 25 ára gömul. Hún rak kjörbúðir á Nesinu, í Hlíðunum og Kjörbúð Hraunbæjar þar til hún söðlaði um og keypti Skalla árið 1984. „Búðin úti á Nesi var með þeim fyrstu sem voru opnar á kvöldin og um helgar sem var algjörlega nýtt fyrirbæri á þessum tíma.“

Hún segist svo sem ekki sakna þeirra tíma þegar hún var í matvörunni. „Mig langaði að draga mig út úr þessum matvöruverkstri. Ég frétti af því að Skalli, sem var hlíðina hjá mér, væri til sölu og vissi að þarna var góður söluturn.“

EKTA FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI

Skalli er fjölskyldufyrirtæki en þrír synir hennar starfa þar, þeir Davíð, Ólafur og Steingrímur. „Þeir eru farnir að sjá um allan

daglegan rekstur, mannaáðningar og öll innkaup. Ég fer í bankann og vinn í afgreiðslunni eða útbý samlokur.“ Gulla segir að um átján stöðugildi séu hjá Skalla en þar af eru nokkur hlutastörf. Margir skólakrakkar eru í vinnu hjá henni um helgar og á kvöldin.

Hver að galdurinn á bak við sjoppurekstur? „Ég held að lykillinn að því að reka sjoppu er fyrst og fremst að eiga góðan kunnahóp. Þú átt að þjónusta viðskiptavinina þannig að þeir verði ánægðir hjá þér. Það skiptir líka máli að afgreiðslufólki sé létt og hress,“ segir Gulla og bætir við að auðvitað hafi kunninn alltaf rétt fyrir sér.

Fjölskyldan hefur búið í Árbænum um langt skeið og þekkir því nánast alla sem hafa alið manninn í hverfinu. Gulla talar um að Árbærinn sé enn sveit í borg. Allir í hverfinu þekki alla og það hafi gert Skalla kleift að eignast tryggja viðskiptavinum.

Rétt hjá Skalla er Árbæjarskóli en þaðan koma viðskiptavinir sem margir alast upp hjá henni og strákunum og halda tryggð við sjoppuna þegar þeir eldast. „Það skiptir auðvitað máli að koma vel fram við unga fólkið eins og eldri viðskiptavinum. Maður þarf að hafa þjónustulundina svolítið í sér. Um leið og það fer að pirra þig að þjónusta fólk þá

áttu ekki að vera í þessum rekstri,“ segir Gulla.

SAMLOKUR OG ÍS

Sjoppurekstur er ekki alltaf sæðarlíf þótt Gulla hafi mjög gaman af þessu. Honum fylgir langur opnunartími og mikil vinna. „Það skiptir miklu máli að eitthvert okkar sé alltaf á staðnum. Lykillinn að því að reksturinn gangi upp er að hanga yfir þessu sjálfur.“

Gulla segir að rekstrarumhverfið hafi breyst mikið á þeim tveimur áratugum sem hún hefur verið með Skalla. „Áður fyrr voru jólin mesti annatíminn en þetta hefur breyst eftir að stórmarkaðirnir komu. Í dag eru helgarnar alltaf í betri kantinum og svo eru vorin og sumrin góður tími vegna sumarfría. Veturinn er rólegri, einkum nóvember, desember, janúar og febrúar. En svo fer allt aftur upp með hækkandi sól.“

Eigendur Skalla leggja mikla áherslu á matinn og grillið en einnig gefur myndbandaleigan alltaf vel af sér. Samlokurnar í Skalla eru ávallt vinsælar, enda seldar glænýjar. „Við leggjum mesta áherslu á skyndibitann og ætlum að styrkja okkur þar á næstunni með því að breyta aðeins til hjá okkur í braudinu, matnum og ísnum.“ Hinn landsfrægi ís er svo þriðja stoðin í rekstrinum en hann selst auðvitað mest á sumrin. Gulla segir að gosið og sælgætið sé meira orðið eins og hjávara sem fylgi hinum vörnum.

LIFA AF STÓRMARKAÐI OG UMFERÐ

Gulla segir að Skalli hafi lifað af ýmsar breytingar í gegnum tíðina. Umferðin hefur til dæmis breyst. Áður fyrr fór umferðin austur í gegnum Hraunbæinn, og þar með framhjá Skalla, en nú hefur henni verið beint inn á stærri umferðaræðar. Þá hefur stórmörkuðum fjölgað gríðarlega sem og bensinstöðvum sem eru í beinni og bullandi samkeppni við söluturnana. „Við höfum samt alltaf haldið okkar striki og aldrei farið niður á við þrátt fyrir þessar breytingar og aukna samkeppni. Þetta sýnir bara það að við höfum alltaf haft góðan kunnahóp.“

Gulla neitar því ekki að samkeppnin er orðin meiri og því þarf alltaf að vera vakinn og sofinn yfir rekstrinum. „Opnunartími stóru verslananna eins og 10-11 og 11-11 er kominn fram úr okkur. Á helgidögum eru þessar verslanir opnar mun lengur en Skalli.“

Stórmarkaðavæðingin hefur farið illa með margar sjoppur, einkum þær smærri. Gulla bendir á að í Vesturbænum heyri smærri söluturnar nánast sögunni til. „Þú þarft að vera með nokkuð stórar einingar í þessum rekstri til þess að dæmið gangi upp. Ef veltan er lítil þá verður yfirlegan svo mikil hjá eiganandanum að hann getur aldrei haft neitt upp úr þessu.“ Hún trúir því samt að sjoppa lifi af þessa samþjöppun í smásölu einfaldlega vegna þess að söluturnar veita betri þjónustu en stórmarkaðir.

„Mér myndi finnast það sorglegt ef þessar verslanir lagnast út af vegna stóru búðanna sem eru að gleypa allt,“ segir Gulla ákveðin að lokum.



GUÐLAUG STEINGRIMSÐÓTTIR ÁSAMT SONUM SÍNUM DAVÍÐ OG STEINGRÍMI SEM STARFA Í SKALLA. „Ég held að lykillinn að því að reka sjoppu er fyrst og fremst að eiga góðan kunnahóp. Þú átt að þjónusta viðskiptavinina þannig að þeir verði ánægðir hjá þér,“ segir Gulla.

„Það skiptir auðvitað máli að koma vel fram við unga fólkið eins og eldri viðskiptavinum. Maður þarf að hafa þjónustulundina svolítið í sér. Um leið og það fer að pirra þig að þjónusta fólk þá áttu ekki að vera í þessum rekstri,“ segir Gulla.

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is





FÖLMENNI Á FUNDI UM FRAMTÍÐ HÁTÆKNI Á ÍSLANDI Málafni hátækniöðnaðarins eru augljóslega mörgum hugleikin enda um mikið hagsmunamál að ræða fyrir þjóðina alla.

Framtíðin er í okkar höndum

Á mánudaginn var efndu Samtök iðnaðarins til stefnumóts stjórnálaganna, starfsmanna hátæknifyrirtækja og raunvísindamanna undir yfirskriftinni „Framtíðin er í okkar höndum“. Til máls tóku fulltrúar hátækninnar úr hópi fyrirtækja og námsmanna. Forsvarsmenn allra flokka kynntu jafnframt stefnu sína og sátu fyrir svörum á pallborði hjá Svanhildi Hólm Valsdóttur fréttamanni. Skýrðu þeir frá því hvernig þeir hyggjast bregðast við þeim blikum sem á lofti eru og gera hátæknifyrirtækjunum erfitt fyrir. Af þátttöku á fundinum að dæma og undirtektum fundargesta við máli frummælenda er sýnt að uppbygging hátækniöðnaðar er mörgum hugleikin enda um verulegt hagsmunamál fyrir þjóðina í heild að ræða.



HILMAR V. PÉTURSSON, FORSTJÓRI CCP Hlaut ærlegt lófatak fyrir lýsingar sínar á aðstæðum hátæknifyrirtækja á Íslandi.



Einkamál

Við eyðum trúnaðargögnum

Efnamóttakan býður fyrirtækjum upp á sérhæfða og umhverfisvæna þjónustu. Rík áhersla er lögð á fullkomið öryggi og trúnað. Efnamóttakan í Gufunesi er opin virka daga frá 7.30 – 16.15.



Dæmi:

Trúnaðarskjöl

Filmur

Tölvugögn

MIXA - Eit - 51002



Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Við sækjum! S. 520 2220 www.efnamottakan.is

Og Vodafone kynnis

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Vodafone World

Vodafone World er einfaldari og skýrari verðskrá í útlöndum fyrir GSM áskrifendur í krafti öflugssamstarfs Vodafone fyrirtækja um allan heim. Vodafone World gildir fyrir GSM notendur erlendis.

- » Öllum heiminum er skipt upp í 5 verðsvæði.
- » Skýr yfirsýn yfir verð í útlanda-símtölum og einfaldur verðsamanburður.
- » Vodafone fyrirtækin eru alltaf hagstæðari.
- » Enginn kostnaður felst í skráningu í Vodafone World.
- » Veldu Vodafone í 36 löndum.
- » Skráðu fyrirtækið þitt í síma 599 9500 eða á www.ovodafone.is

Vodafone World eru hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífnið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjþjónusta Og Vodafone**, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is



Nýtt anddyri

Flottar útfærslur og frábærar hugmyndir í nýja bæklingnum okkar "Hugmyndir og góð ráð fyrir anddyrið". Bæklingurinn liggur frammi í verslunum Flugger lita.

Flugger litir

Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6
Dalshraun 13
Hafnargata 90

Austursíða 2
Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Sólbakka 8



Þrjú fyrirtæki

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga efnir til ráðstefnunnar Íslenski þekkingardagurinn, þar sem þemað er stefnumótun, fimmtudaginn 2. febrúar á Nordica Hótel. Forseti Íslands og verndari dagsins, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, mun við tækifærið afhenda verðlaunagrip, sem nefndur er Þekkingarbrunnur, því fyrirtæki sem skarað hefur fram úr á sviði stefnumótunar. Að þessu sinni eru verðlaunin veitt því fyrirtæki sem skarað hefur fram úr á sviði stefnu-

VÍSIR

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar



Hástökkvarinn

Úrvalssjóður VSP náði 72% ávöxtun síðustu 12 mánuði

Úrvalssjóður Verðbréfaþjónustu sparissjóðanna náði 72,10% ávöxtun síðustu 12 mánuði* sem er glæsilegur árangur. VSP er verðbréfafyrirtæki í eigu sparissjóðanna sem annast eignastýringu, miðlun verðbréfa og fjárfestingarráðgjöf. Undir merkjum VSP eru reknir 8 verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir.**

Þjónusta VSP er framsækin, byggð á trausti og óháðri ráðgjöf vel menntaðs fagfólks. Slástu í hópinn og tryggðu þér úrvals ávöxtun á sparifé og frábæra ráðgjöf.

* Miðað við 10. janúar 2006. Ath. ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.
** Úrvalssjóðurinn er verðbréfasjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Úrvalssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparissjóðsins.

VSP 

VERÐBRÉFAÞJÓNUSTA SPARISJÓÐANNA



**KB BANKI HLAUT ÞEKINGARVERÐLAUN-
IN 2005** Avion, Actavis og Bakkavör keppast um
Íslensku þekkingarverðlaunin 2006.

tilnefnd í ár

mótunar. Fyrirtækin sem flestar tilnefningar hlutu voru Avion Group, Actavis og Bakkavör. Sérstök dómnefnd sker úr um hvert þessara þriggja fyrirtækja hlýtur Íslensku þekkingarverðlaunin. Við sama tækifæri verður tilkynnt um val á viðskiptafræðing/hagfræðingi ársins 2005.

Rekstrarstjóri vöruhúss

**Leiðandi fyrirtæki á matvöru-
markaði óskar eftir að ráða
rekstrarstjóra vöruhúss.**

Starfssvið

- Yfirumsjón með rekstri vöruhúss
- Áætlanagerð
- Þróun á starfsemi vöruhúss

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði vörustjórnunar, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærilegu
- Góð tölvuþekking; Excel og önnur notendaforrit
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Hugmyndaauðgi og framsækni

Við leitum að metnaðarfullum og duglegum einstaklingi til að sinna krefjandi og ábyrgðarmiklu starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 22. janúar nk. Númer starfs er **5128**.

Upplýsingar veita Guðný Sævinsdóttir og Rannveig J. Haraldsdóttir. Netföng: gudny@hagvangur.is og rannveig@hagvangur.is



Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Aðalfundur Nýherja hf.

**Aðalfundur Nýherja hf. verður haldinn föstudaginn
27. janúar 2006 í ráðstefnusal félagsins, Borgartúni
37, og hefst fundurinn kl. 16:00.**

Á dagskrá fundarins verða:

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt gr. 4.5 í samþykktum félagsins.
- Tillaga um breytingu á 5. grein samþykpta félagsins um fyrirvara á framboði til stjórnar og fjölda varamanna.
- Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum, sbr. 55 gr. hlutafélaga.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, verða að gera það skriflega. Ársreikningur og tillögur sem lagðar verða fram á fundinum verða settar á vef félagsins, www.nyherji.is, þann 20. janúar nk.



NÝHERJI

Nýherji hf. • Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • Sími 569 7700 • www.nyherji.is

Dekk • Bón og þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskípti • Rúðuburkublið • Rafgeymar • Sækjum og sendum



-20%
afsláttur

af heilsárs- og nagladekkjum

Hvað get ég gert
fyrir þig?

➤ Bón og alþrif	á tilboði
➤ Smurþjónusta	á tilboð
➤ Rafgeymar	á tilboði
➤ Sækjum og sendum	10% afsl.
➤ Bremsuklossaskipti	gerum tilboð
➤ Dekkjahótel	2000 kr. 4 stk.

Vaxtalausar léttgreiðslur!

BÍLKÓ
bilko.is

Betri verð!

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



9,8%*

Peningamarkaðssjóður ÍV

*Nafnávöxtun frá 1. des. 2005 - 31. des. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða á árinu 2005



ÍSLENSK VERÐBRÉF

EIGNASTYRING ER OKKAR FAG!

460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útbodslýsingu og útdrátti úr útbodslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

Útlánastjórnun hámarkar hagnað

Hvað er greiðsluhegðun?

Intrum Justitia skilgreinir ásættanlega greiðsluhegðun sem það þegar reikningar eru greiddir á gjalddaga eða eindaga, þ.e. án greiðsludráttar og án sértækra innheimtuágerða. Til frekari útskýringar er átt við atferli greiðenda, þ.e. hvaða reikningar eru greiddir, hvenær og af hverju. Inn í þetta fléttast ýmsir þættir, s.s. þörf fyrir vöru eða þjónustu, kostnaður og afleiðingar vanskila.

Stenst greiðsluhegðun Íslendinga samanburð?

Það er óhætt að segja að greiðsluhegðun Íslendinga standist fyllilega samanburð, en aðeins þrjú Evrópulönd eru með styttri innheimtutíma krafna en gerist á Íslandi.

Mismunandi greiðsluhegðun er stórt vandamál í viðskiptum í Evrópu þar sem hvert land hefur sín lög, reglur og venjur. Innlend fyrirtæki þurfa því að hafa góða vitneskju um áhættu þeirra af reikningsviðskiptum og huga sérstaklega að því hve langan tíma megi búast við að fá reikning greiddan í útlutningslandinu.

Hafa Íslendingar tamið sér slæma greiðsluhegðun?

Meðalgreiðslutími krafna á Íslandi eru 35 dagar, þar af er umsaminn greiðslufrestur 27 dagar og tafir á greiðslu því 8 dagar. Um 1,1 prósent af ársveltu fyrirtækja tapast í formi ógreiddra viðskiptakrafna (afskrifad). Á þessu gefnu má taka dæmi um fyrirtæki með 250 milljón króna ársveltu og 20% framlegð. Slíkt fyrirtæki þarf að auka tekjur sínar um tæpar 14 milljónir til að jafna út tapaðar viðskiptakröfur sem nema 1,1% af ársveltu.

Getur samkeppnisforskot falist í markvissri stjórnun?

Ekki spurning – heilsteyp útlánastjórnun hámarkar áþreifanlega fjármagnsflæði og hagnað fyrirtækisins. Heilsteyp útlánastjórnun felur í sér skýrar útlánareglur með áreiðanlegu áhættumati á viðskiptavinum og skýra eftirfylgni. Eftirfylgnin felur í sér skipulagt innheimtuferli sem miðast við mikilvægi hvers viðskiptavinahóps. Fyrirtæki í örum vexti þurfa aukið lausafé. Með því að hafa innheimtutímann stuttan á viðskiptakröfum gefur það þeim aukið forskot og lækkar rekstrarkostnað þeirra – lausafé verður meira og fjármagnskostnaður minni.

Fer greiðsluhegðun batnandi með auknum hagvexti?

Almennt má segja að greiðslu-áhætta aukist með auknum hagvexti og að í niðursveiflu leiði greiðsluáhætta til aukinna útlánatapa. Lagalegt umhverfi og efnahagslegt ástand stýra að tveimur þriðja hluta til hvort að greitt sé á réttum tíma. Hagsveiflur í þjóðfélaginu endurspeglast oft í innheimtutíma krafna, þar á meðal á Íslandi. Þegar vel árar er árangur frum- og milliinnheimtu sýnilega betri og færri mál lenda í lögfræðinnheimtu ólíkt því sem gerist þegar niðursveifla verður.

Skiptir innheimtutími krafna sköpum?

Það eru mismunandi afleiðingar

hjá þeim fyrirtækjum sem búa við langar tafir á greiðslum sinna reikninga. Þau hafa það þó sameiginlegt að áhætta þeirra við að lenda sjálf í gjaldþroti eykst verulega með tímanum. Segja má því að meginreglan sé sú að þau fyrirtæki sem bjóða langan greiðslufrest, eða sætta sig við langar tafir á greiðslum, búi við mestu áhættuna. Þá ber að hafa hugfast að stytting á innheimtutíma krafna bætir lausafjárstöðu fyrirtækja og um leið þörf á

lánsfé, sem aftur skilar sér í lægri rekstrarkostnaði.

Hvernig geta fyrirtæki bætt innheimtutíma viðskiptakrafna?

Með skýrum og skilvirkum innheimtuferlum og aukinni áherslu á faglega stjórnun innheimtumála. Nýti fyrirtæki þá þekkingu sem er til staðar á því sem best virkar í innheimtu viðskiptakrafna hárlandis er nánast öruggt að innheimtutími krafna styttest. Tveir helstu áhrifaþættir á innheimtutíma viðskiptakrafna eru umsaminn greiðslufrestur og vanskil.

Er „hin gullna leið“ við innheimtu viðskiptakrafna til?

Besta innheimtuleiðin hefur verið kölluð „2-2-2-plús“. Þetta þýðir að fyrirtæki eigi að senda út fyrstu ítrekun eigi síðar en tveimur vikum eftir eindaga. Fyrirtæki eigi jafnframt að senda út að hámarki tvær ítrekanir, með hámark tveggja vikna millibili. Plúsinn stendur síðan fyrir önnur atriði, svo sem notkun vanskilaskrár, dráttarvexti og vanskilakostnað. Greiðendur eru jafnan margir og misjafnir og því verða innheimtuleiðir að vera í takt við það. Söguleg gögn um greiðsluhegðun gætu hjálpað mikið til við að meta bestu innheimtuleið fyrir hvern greiðanda.

Vanskil draga úr hagvexti

Íslensk fyrirtæki þurfa að gefa greiðsluáhættu í milliríkjavíðskiptum betri gaum. Í síðustu viku stóð Intrum á Íslandi fyrir morgunverðarfundum þar sem meðal annars var skoðað hvernig greiðsluhegðun Íslendinga stenst samanburð við önnur lönd.

Tafir á innheimtu viðskiptakrafna draga beinlínis úr hagvexti. Þetta kom fram í máli Sigurðar Arnar Jónssonar, framkvæmdastjóra Intrum á Íslandi, við upphaf fundarins. Smá og miðlungsstór fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki í uppbyggingu hagvaxtar. Algengasta orsök gjaldþrota af þessu tagi er að þau ná ekki að fjármagna vöxt sinn. Vanskil eiga oft stóran þátt í því. Fyrirtæki og stjórnvöld eru farin að átta sig á þeim áhrifum sem slæm greiðsluhegðun hefur og hefur Evrópusambandið nú í undirbúningi tilskipun sem skuldbindur ríki Evrópu til að vinna að betrubótum í þessum málum.

Stefan Schär, sérfræðingur Intrum í Sviss, kynnti á fundinum alþjóðlega könnun á greiðsluhegðun Evrópuþjóða sem framkvæmd er árlega. Nær könnunin til yfir 9.000 fyrirtækja í 23 löndum og leggur grunninn að svokallaðri „greiðsluhegðunarvísitölu Evrópulanda“. Könnunin var síðast framkvæmd hér á landi árið 2004 en verður aftur gerð í febrúar. Íslenskum fyrirtækjum sem taka þátt gefst kostur á að kalla eftir samanburðarskýrslu fyrir sitt fyrirtæki. Þannig geta þau borið saman útlánastýringu og greiðsluhegðun viðskiptavina sinna við meðaltal annarra íslenskra fyrirtækja eða annarra í hverju þeirra 23 Evrópulanda sem þátt taka í könnuninni.


Sammerkt er með öllum Evrópulöndum að skuldastaða heimilanna hefur margfaldast á síðastliðnum áratugum. Gjaldþrotamálum á neytendamarkaði hefur fjölgað í Evrópu og er algengt í Mið-Evrópu að það hlutfall sé í kringum 20 prósent. Þegar litið er á greiðsluáhættu í Evrópu má sjá að áhættan eykst frá norðri til suðurs og jafnframt frá vestri til austurs. Hún er lægst í Finnlandi og Svíþjóð, þá Danmörku, Noregi og loks Íslandi. Írland kemur strax á hæla Íslands, þá Frakkland og svo Sviss. Lönd eins og Portúgal, Tékkland, Grikkland og Kýpur standa verst.

Til að átta sig á því hversu mikil áhrif slæm greiðsluhegðun getur haft á rekstur fyrirtækja

gaf Stefan dæmi um fyrirtæki sem hefur 250 milljóna króna veltu og 20 prósent framlegð. Á Íslandi er að meðaltali 1,1 prósent allra reikninga aldrei greitt. Meðalgreiðslufrestur hér er 27 dagar og meðalgreiðsluseinkun 8 dagar. Að þessum forsendum gefnum er árlegt tap 2,5 milljónir íslenskra króna. Mun meiri veltu þarf hins vegar til að bæta upp tapið eða 13,75 milljónir króna sem er 5,5 prósent af ársveltu fyrirtækisins. Það myndi jafngilda tveimur til þremur vinnudögum hjá fyrirtæki að bæta upp fyrir 1,1 prósent tap af ógreiddum reikningum.

Fyrirtæki í Suður-Evrópu taka sér lengri tíma í að gera upp kröfur og því er innheimtutími lengri í þeim löndum. Vilji sama fyrirtæki og nefnt var í dæminu hér að framan hefja útflutning til Spánar þarf það annars vegar meiri greiðslugetu til að

MÁLID ER Greiðsluhegðun




STEFAN SCHÄR, SÉRFRÆÐINGUR HJÁ INTRUM Í SVISS. Þar yfir greiðsluáhættu á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd. Áhættan eykst frá norðri til suðurs og jafnframt frá vestri til austurs. Einungis þrjú Evrópulönd hafa styttri innheimtutíma viðskiptakrafna en Ísland.

fjármagna veltuna og hins vegar meiri veltu til þess að viðhalda sama kostnaði og veltu og fyrir. Þetta kemur til af því að á Spáni er greiðslufresturinn lengri og tekur að meðaltali 81 dag að fá greiddan reikning þar miðað við 35 daga hér á landi. Fyrirtæki í útflutningi gætu því lent í þeirri stöðu að þurfa að gera upp við eigin birgja töluvert áður en þau fá greitt fyrir seldu vöru. Við það versnar lausafjárstaða til muna sem getur leitt til skorts á fjármagni.

Greiðsluhegðun hefur aldrei verið Íslendingum eins viðkomandi og í dag enda eru fjölmörg fyrirtæki í útrás af einhverju tagi. Nauðsynlegt er fyrir stjórnendur þeirra fyrirtækja að átta sig á því að löggjöf og venjur geta verið allt aðrir í viðskiptalöndunum en hér. Jafnframt er menningin í mörgum tilfellum jafnvel mikilvægari þáttur en löggjöfin í öllu sem viðkemur innheimtu og greiðsluvenjum.

INNHEIMTUTÍMI VIÐSKIPTAKRAFNA Í NOKKRUM EVRÓPULÖNDUM



Veljum íslenskt
MÚLALUNDUR
Vinnustofa SÍBS

Betra skipulag á nýju ári!

...með skrifstofuvörum frá Múlalundi

Skrifborðs
Mottur
Með DAGATALI!
634.-kr

TILBOÐ!
339kr. pr.stk.

Bic Atlantis pennar
1.080kr. pk.

TILBOÐ!
Millibiö
A-4 & A-5
Tilboðs möppur

Janúartilboð



Peach Plöstinurvél

Vörunúmer: 707PL702
Plöstinurvél PEACH A4

- Plastar 265 mm. breitt.
- Tvær hitarúllur.
- Sjálfvirkur hiti og hraði.
- Tilvalin fyrir heimilið eða skrifstofuna.

3.990,-

Peach Pappírstættari

Vörunúmer: 707ps500-02
Peach 1000x.
Krosstættir. 10 blöð og 22 lítra tunna.

7.990,-

ÓTRÚLEGT VERÐ



ÓTRÚLEGT VERÐ

67% afsláttur!

ÓÞÝRT

199,-
verð áður 595.-

Klemmubretti
Vörunúmer: 4152357
Tvöföld klemmubretti.

Ljósritunar-pappír

Vörunúmer: 812103187
A4 - 500 blöð í pakka 80 g.

1 pakki 199,-

ÓTRÚLEGT VERÐ

Plastmöppur

Vörunúmer: 4051463
Kwik Clip með glærri forsiðu.

9,- stk.



Skrifmappa

Vörunúmer: 305P007A124
Svört skrifmappa með rennilás og hólfum fyrir nafnspjöld.

990,-

Aðeins 99 kr.


Blaðabakkar

Vörunúmer: 3501027
Han blaðabakkar.
Margir litir.

ÓÞÝRT

25%

afsláttur af blek- og dufthylkjum



ÓTRÚLEGT VERÐ

ÓTRÚLEGT VERÐ



Karce borðreiknivél

Vörunúmer: 492d69csm-egi

1.990,-

Takk!

Office 1 Superstore



BANKAHÓLFID



Dýrslugar innheimtuaðferðir

Aðferðir við innheimtu viðskiptakrafna milli landa eru eins misjafnar og löndin eru mörg. Á morgunverðarfundum um greiðsluhegðun, sem sagt er frá í Markaðnum, sagði framkvæmdastjóri Intrum á Íslandi, Sigurður Arnar Jónsson, skemmtisögur af því hvernig innheimtuaðferðir í Suður-Evrópu snúast oft á tíðum um að gera skuldaranum að athlægi. Þannig finnur hann sig knúinn til að gera upp hið snarasta. Í Portúgal er innheimtufyrirtæki, sem hefur „kanínurnar“ á sínum snærum, að gera góða hluti. Starfsmenn fyrirtækisins klæða sig upp í kanínubúning og fylgja skuldaranum hvert fót-mál. Þannig fer ekki framhjá neinum að þar fari skuldugur maður. Íslenskum fyrirtækjum er þó ekki ráðlagt að taka Portúgalana sér til fyrirmyndar þar sem hætt væri við plágu.

Dagatalið frá Eimskip

Á hverju ári gefur Eimskip út veglegt dagatal sem hefur prýtt vegginn vinnustaða og heimila viðskiptavina og hluthafa í gegnum árin. Á dögnum auglýsti félagið að hluthafar þess, sem óskuðu eftir því að fá dagatalið, gætu fengið það sent heim til sín. Sá galli er á gjöf Njarðar að aðeins einn eigandi er nú að Eimskip, nefnilega Avion Group sem keypti flutningafyrirtækið af Burðarási á síðasta ári. Avion er ekki almenningshlutafélag enn sem komið er en það breytist á þessu ári þegar hluthafar í Straumi fá bréf í Avion.

Orðað við Shore Capital

Miklar hræringar hafa átt sér stað undanfarin misseri á markaði með verðbréfafyrirtæki í Bretlandi. Talsvert hefur verið um yfirtökur og samruna banka og verðbréfafyrirtækja þar. Meðal þess sem Times Online veltir upp er hvort Kaupþing banki muni gera tilraun til yfirtöku breska verðbréfafyrirtækisins Shore Capital sem er sérhæft í smærri fyrirtækjum. Vangavelturnar koma í kjölfarið á því að Kaupþing hefur opinberlega sýnt því áhuga að kaupa breskt verðbréfafyrirtæki.

6.000

stiga múr Úrvalsvisitöluinnar rofinn á fimmtudag.

85%

hækkun sænska lággjaldaflugfélagsins FlyMe frá áramótum.

1,4

milljarða kaup tíu lykilstarfsmanna Straums-Burðaráss á hlutum í félaginu.

SETTU MARKIÐ HÁTT!



Nýr Grand Vitara, er lúxusjeppi byggður á grunni Grand Vitara frá Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda Japans. Grand Vitara er alvöru jeppi af rétttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur. Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla. Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.



NÝR GRAND VITARA

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is